



Hertogahjónin af Cambridge voru alsæl þegar þau gengu út af St. Mary's sjúkrahúsinu í Lundúnum með nýfæddan son sinn. Þetta er þriðja barn þeirra Vilhjálms og Katrínar, en fyrir eiga þau Georg sem er á fimmta ári og Karlottu sem verður þriggja ára í næstu viku. Litli prinsinn er sjötta barnabarnabarn Elísabetar drottningar sem nýlega hélt upp á 92 ára afmæli sitt. NORDIC PHOTOS/GETTY

## D-listinn tapar meirihlutanum í Eyjum

Sjálfstæðisflokkurinn myndi missa meirihlutann í Vestmannaeyjum ef kosið yrði nú. Ný könnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert sýnir að bæjarstjórinn næði ekki kjöri. Sjálfstæðisflokkurinn myndi fá þrjá menn en stefnir á fjóra.


**STJÓRN MÁL** Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, næði ekki kjöri í bæjarstjórn ef kosið yrði nú. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert.

Samkvæmt könnuninni fengi Sjálfstæðisflokkurinn rúm 41 prósent. Nýtt framboð, sem heitir Fyrir Heimaey, fengi tæp 32 prósent. Þá fengi Eyjalistinn rúm 25 prósent.

Fyrir Heimaey er klofningsframboð út úr Sjálfstæðisflokknum, en Eyjalistinn er sameinað framboð fólks úr Bjartri framtíð, Framsóknarflokki, Samfylkingu, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og óflokksbundnum að auki.

Kosið verður um sjö bæjarfull-

/// Könnun 24. apríl



trúa í Vestmannaeyjum. Ef niðurstaða kosninga yrði í takti við þá skoðanakönnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá kjörna þrjá menn en Fyrir Heimaey og Eyjalistinn myndu fá tvo menn hvort framboð.

Elliði Vignisson er í fimmta sæti Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar. Hann segir í samtali við Fréttablaðið í dag að Sjálfstæðisflokkurinn stefni á að fá fjóra menn kjörna og býst því ekki við að verða kjörinn bæjarfulltrúi. Hann er þó bæjarstjóraefni listans.

„Í aðdraganda frágangs listans komu fram vangaveltur um lýðræðishalla, um að sami einstaklingur sé

í forsæti og bæjarstjóraefni og jafnframt með langmestu reynsluna,“ segir hann.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 778 manns með lögheimili í Vestmannaeyjum þar til náðist í 604 samkvæmt lagskiptu úrtaki 23. apríl. Svarhlutfallið var 77,6 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Alls tóku 53,5 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 9,4 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 13,5 prósent sögðust óákveðin og 23,6 prósent vildu ekki svara spurningunni. – jhh, sa / sjá síðu 6

### Guns N' Roses til landsins í júlí

**LÍFIÐ** Guns N' Roses spilar á tónleikum á Laugardalsvelli þann 24. júlí næstkomandi. Um er að ræða síðustu tónleikana í Evróputúr rokkbandsins og stærstu tónleika sem haldnir hafa verið á Íslandi, fullyrðir Friðrik Ólafsson tónleikahaldari.

Friðrik segir að sviðið, ljósin og hljómkernið verði flutt inn að utan, og að sviðið sjálft sé 65 metrar á breidd með risaskjáum á hliðunum.

Fimmtán gámar verða fluttir til landsins og 150 manna teymi ferðast með hljómsveitinni.

– bb / sjá síðu 22

### Sindri fyrir dómara í dag

**LÖGREGLUMÁL** Sindri Þór Stefánsson, sem var handtekinn í Amsterdam á sunnudag eftir að hafa stungið af Sogni, verður leiddur fyrir dómara þar í borg í dag. Þar tekur dómari ákvörðun um hvort Sindri verði sviptur frelsi sínu þar til afstaða þarlandra yfirvalda til framsalskröfu íslenskra yfirvalda liggur fyrir.

„Ef hann neitar að láta framselja sig fer af stað langt ferli, sem getur tekið alveg þrjá til fjóra mánuði, þar sem dómari tekur ákvörðun um framsal. Ef hann samþykkir hins vegar framsal þarf þetta ekki að taka lengri tíma en rúma viku,“ segir Þorgils Þorgilsson,

verjandi Sindra Þórs. Aðspurður sagðist Þorgils, ítrekað hafa reynt að ná sambandi við skjólstaðing sinn

í gær, en ekki haft erindi sem erfiði. Þorgils gerði þó ráð fyrir að honum hafi verið tryggð viðeigandi lögfræðisástoð þar ytra í kjölfar handtöku.

Sindri Þór á langan afbrotaférl í baki og hefur hlotið fjölmarga dóma á undanförunum fimmán árum, aðallega fyrir þjófnaði, umferðarlagabrot, fjárvik og brot á fikniefnalöggjöf-

– aá / sjá síðu 4



#### Fréttablaðið í dag

**SKODUN** Útvarpsstjóri segir fjölbreytta fjölmiðlaflóru öllum í hag. **9**

**SPORT** Sara Björk er í baráttunni um silfurskóinn í Meistaradeild Evrópu þegar skammt er eftir. **13**


**TÍMAMÓT** Guðbjörg Björgvinsdóttir kveður ballettskólann sinn eftir 35 ár. **14**

**LÍFIÐ** Emmsjé Gauti og Sveinbjörg Birna eru ekki þau einu sem hafa deilt um laganotkun í kosningabaráttu. **20**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • STÓRELDHÚS**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Veður



Norðlæg eða breytileg átt, 5-13 m/s, hvassast V-lands. Skúrir S-til á landinu, en úrkomulítið fyrir norðan. Hiti frá frostmarki í innsveitum norðaustanlands, upp í 8 stig suðvestan til að deginum. **SJÁ SÍÐU 16**

## Níu létust í Toronto

**KANADA** Sendiferðabíl var ekið á hóp fólks í Toronto í gær með þeim afleiðingum að níu létust og 16 slösuðust. Að því er fram kemur á vef Reuters staðfesti Peter Yuen á blaðamannafundi tölu látinna og að ökumaðurinn væri í haldi lögreglu. Fimm hinna slösuðu eru þungt haldin á Sunnybrook sjúkrahúsini í Toronto.

Á vef Reuters kemur enn fremur fram að ökumaðurinn hafi skilið eftir sig slóð eyðileggingar sem var hátt í mílu að lengd eða rúmlega einn og hálfur kílómetri. Þá hafa lögregluyfirvöld ekki viljað gefa upp hvort talið sé að um ásetning sé að ræða.

Ralph Goodale, ráðherra almannavarna í Kanada, tók það fram á blaðamannafundi að rannsókn málsins væri á því stigi að ekki væri hægt að gefa nánari upplýsingar um það. Hann sagði rannsókn myndu leiða í ljós hvað gerðist og hvers vegna. – gþs

## Ellilífeyrisþegi játar njósnir

**NOREGUR** Norskur ellilífeyrisþegi, sem handtekinn var í Moskvu í desember síðastliðnum, hefur viðurkennt að hafa stundað njósnir í Rússlandi fyrir norsku leyniþjónustuna. Ellilífeyrisþeginn, Frode Berg, var með þrjú þúsund evrur í reiðufé við handtökuna. Rússneska öryggislögreglan telur að Berg hafi átt að greiða fyrrverandi rússneskum lögreglumanni fyrir upplýsingar um flotastöð í Sveromorsk. Rússar telja hann hafa stundað njósnir í Rússlandi frá 2015 til 2017.

Berg, sem er fyrrverandi landmæravörður, neitaði í fyrstu sakargiftum. Að sögn lögfræðings hans vissi hann ekki hvernig hann ætti að bregðast við og vonaði að norsk yfirvöld styddu hann. Norðmaðurinn á yfir höfði sér margra ára fangelsisdóm. – ibs

## Átakið Hreinsum saman hefst í dag



Í hádeginu í dag verða eldhugar í umhverfismálum verðlaunaðir fyrir utan Ráðhús Reykjavíkur. Viðurkenningin er liður í evrópskum hreinsunardögum sem Reykjavíkurborg tekur þátt í. Eftir verðlaunahátíðina mun starfsfólk Ráðhússins ráðast í hreinsun á umhverfi Ráðhússins og Tjarnarinnar. Það þarf greinilega að láta hendur standa fram úr ermum við Tjörnina eins og sést á þessari mynd sem tekin var í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

## Kavíarhneyksli í Evrópuráðinu

**EVROPURÁÐIÐ** Margir fyrrverandi og núverandi fulltrúar í Evrópuráðinu eru grunaðir um að hafa þegið kavíar, teppi og dvöl á lúxushótelum í Bakú í Aserbaidsjan. Mútugreiðslurnar fengu þeir fyrir að greiða atkvæði gegn skýrslu þar sem aðstæður pólitískra fanga í landinu eru harðlega gagnrýndar. Greint er frá grunsemdunum í skýrslu sem birt er á vefsíðu Evrópuráðsins.

Í Evrópuráðinu eru 324 fulltrúar frá 47 löndum. Þeir eiga að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttaröryggi í aðildarríkjunum. – ibs



Fulltrúum Evrópuráðsins var að sögn mútað með kavíar. **FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**

# Þristurinn yfir hafið í fyrsta sinn í þrettán ár

Þristavinafélagið stefnir á að fljúga íslenska þristinum Páli Sveinssyni til Normandí næsta sumar til þess að minnst innrásarinnar í Normandí. Vélin er orðin 75 ára gömul en þrettán ár eru liðin frá því að henni var síðast flogið yfir hafið.

**SAGA** Þristavinafélaginu sem rekur DC-3 flugvélin Pál Sveinsson, TF-NPK, hefur verið boðið að taka þátt í viðburði í Frakklandi í byrjun júní sumarið 2019 þar sem minnst verður innrásarinnar í Normandí. Verður flughæfum „Þristum“ víðs vegar að úr heiminum stefnt þangað af þessu tilefni.

Rétt innan við hundrað flughæfar DC-3 vélar eru til í heiminum í dag. Er búist við að flestallar DC-3 vélar í Evrópu sækja þennan viðburð svo og nokkur fjöldi frá Bandaríkjunum. Stjórn Þristavinafélagsins hefur áhuga á að taka þátt en skipuleggjendur viðburðarins hafa boðið styrk til nokkurra tíma flugs og gistingu fyrir áhöfn. „Þetta kostar allt sitt. Við fáum einhverja styrki erlendis frá fyrir að koma með vélin en það vantar svolítið upp á til að þetta geti gengið upp og við förum svona að vinna í því,“ segir Tómas Dagur Helgason, formaður Þristavinafélagsins.

Tómas segir að vélinni hafi verið flogið árið 2005 til Duxford, nærri London, og tók sú ferð rúma sjö tíma. „Við myndum fara þangað fyrst og þar munu Þristarnir safnast saman og fara þaðan í samflugi yfir Ermarsundið eins og gert var fyrir 74 árum þegar Bandamenn réðust inn.“

Áður en farið verður til Normandí næsta vor fara flugmenn til Amsterdam í Hollandi í flughermi, sem hermír eftir Þristinum, til þess að undirbúa ferðina. „Það er mjög mikilvægt að við komumst í hann til að gera æfingar sem við höfum ekki gert nema í öruggri hæð. Við viljum



Þristurinn hefur undanfarin ár verið geymdur á Flugsafni Akureyrar yfir vetrartímum. Hann verður geymdur þar áfram. **FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA HELGADÓTTIR**

## Saga Páls Sveinssonar

Flugvélin Pál Sveinsson, er af gerðinni Douglas C-47A, sem er herflutningaútgáfa Douglas DC-3 farþegaflugvélarinnar. Á vef Þristavinafélagsins kemur fram að vélin kom úr verksmiðju þann 1. október 1943. Snemma eftir afhendingu vélarinnar var hún tekin í þjónustu Norður-Atlantshafsdeildar flutningaþjónustu Bandaríkjahers (Air Transport Command – North Atlantic Division) og fljótlega var hún komin á Keflavíkflugvöll.

Flugvélin var notuð hér við margvísleg flutningastörf á vegum hersins. Meðal annars hafa fundist gögn sem sýna að vélin var notuð til að fljúga með hermenn, sem hér voru staðsettir, í skemmtiferðir til Akureyrar og var þá lent á Melgerðismelum. Einnig var vélin notuð til að flytja háttsetta herforingja milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Flugfélag Íslands eignaðist síðar vélin en svo fékk Landgræðslan hana og var hún þá nefnd eftir fyrrverandi landgræðslustjóra.

gjarnan æfa mótórbilun í flugtaki og annað slíkt,“ segir Tómas.

Flug Páls Sveinssonar á Íslandi nú í sumar verður með svipuðu móti og verið hefur síðustu sumar, vélin verður við flugdaga í Reykjavík og á Akureyri og ef til vill við fleiri við-

burði. Stjórn Þristavinafélagsins og Flugsafn Íslands á Akureyri hafa nýverið gert með sér samning um að Flugsafnið hýsi flugvélin áfram yfir veturinn eins og verið hefur mörg undanfarin ár.

jonhakon@frettabladid.is

- ▶ FÁNAR
- ▶ LÍMMIÐAR
- ▶ AUGLÝSINGASKILTI

Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.

Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.

**FjölPrent**  
Gefur hugmyndum vængi

Fjölprent  
Norðlingabraut 14  
fjolprent.is  
S. 581 4141

NÝR ECLIPSE CROSS

# SKARPUR OG LIFANDI



5 ára ábyrgð fylgir föksölum HEKLU að uppfylltum ákæðum ábyrgðarskilmála. Þa er að finna á [www.hekla.is/abygd](http://www.hekla.is/abygd)

**Eclipse Cross** er nýjasti meðlimurinn í Mitsubishi fjölskyldunni. Hann er hlaðinn staðalbúnaði, með góða veghæð og mikið innanrými. Háþróuð öryggistækni gerir allan akstur öruggari og eykur sjálfstraustið á vegum úti að nóttu sem degi. Skörp og lifandi hönnun Eclipse Cross vekur eftirtekt hvar sem hann fer. Komdu og festu þér nýjan Eclipse Cross með tveggja ára þjónustuskoðun.\*

**Mitsubishi Eclipse Cross**

Verð frá:

**3.990.000 kr.**

Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum Mitsubishi sem pantaðir eru í mars.



FYRIR HUGSANDI FÓLK

\*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á [hekla.is](http://hekla.is). Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Ljósmodir efast um að spítalinn komi til með að þola álagið

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðherra hefur falið Landspítala og öðrum heilbrigðisstofnunum að sinna þjónustu við sængurkonur og börn sem hefur verið í höndum ljósmæðra sem sinna heimaþjónustu. Ljósmæðurnar, sem hafa lagt niður störf, krefjast þess að samningar við Sjúkratryggingar Íslands verði undirritaðir.

Anna Sigrún Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landspítalans, vildi lítið tjá sig umfram efni tilkynningarinnar þegar eftir því var leitað. Hún sagði þó að það gæfi augaleið að álag á sængurlegudeildinni myndi aukast vegna vinnustöðvunarinnar og að mikilvægt væri að leysa úr deilunni.

Ellen Bára Valgerðardóttir, ljósmóðir á Landspítalanum og sjálfstætt starfandi ljósmóðir í heimaþjónustu, furðar sig á seinangangi ráðherrans. Ljóst hafi verið að samningur ljósmæðra við Sjúkratryggingar Íslands myndi

renna út 31. janúar síðastliðinn.

Ellen segir að rétt fyrir páska hafi verið tilbúin drög að samningi sem gerðu ráð fyrir 13,8 prósentu hækkun á verktakagreiðslum ljósmæðranna, en í dag nema þær 4.394 krónum á tímann. Hún bendir á að hækkunin nemi alls 30 milljónum króna yfir árið sem í þessu samhengi væru ekki miklir fjármunir. Þá spari heimaþjónustan ríkinu heilmikinn kostnað og dragi auk þess úr álagi á meðgöngu- og sængurlegudeild LSH.



Að meðaltali fæða níu konur á dag á Landspítalanum. NORDICPHOTOS/GETTY

„Við sjáum ekki hvernig heilsumgæslustöðvarnar eiga að geta sinnt öllum,“ segir Ellen.

„Á Landspítalanum eru að ég held tuttugu rúm á meðgöngu- og sængurlegudeild. Þar liggja konur sem þurfa náð eftirlit sem og sængurkonur eftir fæðingu. Það fæða að meðaltali níu konur á dag á Landspítala,“ bætir hún við að lokum, efins um að Landspítalinn muni þola álagið. –gþs

## RÚV semur um lægri vexti

**RÍKISÚTVARPIÐ** Ríkisútvarpið og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hafa samið um skilmálabreytingu á skuldabréfum sem gefin voru út í október árið 2000. Nú hafa fastir ársvextir lánsins verið lækkaðir í 3,5 prósent úr fimm prósentum. Lánstíminn var einnig lengdur, en lokagjaldagi er nú 1. október 2057 í stað 1. apríl 2025.

Næsti gjalddagi er 1. október 2018 og munu greiðslur fara fram á 6 mánaða fresti til lokagjalds. Óverðtryggðar eftirstöðvar höfuðstóls voru hækkaðar um rúmar 60 milljónir til þess að halda jafngreiðslum lánsins óbreyttum.

Hver greiðsla, afborgun og vextir án verðtryggingar, er því 28.173.400 krónur. Lánið hefur alltaf verið verðtryggt, svo miðað við vísitölu 1. apríl er greiðsla með verðtryggingu 68.938.179 krónur. –gþs

## Hægir á fjölgun starfsmanna

**ATVINNULÍF** Launþegar í ferðaþjónustu voru 24.700 í febrúar síðastliðnum og hafði fjölgað um 700, eða þrjú prósent, frá því í febrúar árið áður. Hagstofan segir að þó að laun-



Allt bendir til aukins slaka.

þegum fjölgi enn í þeirri atvinnugrein þá hafi hægt á fjölguninni. Á sama tímabili hefur launþegum í heild fjölgað um 6.800, eða um fjögur prósent.

Hagstofan tekur fram að þetta séu bráðabirgdatölur. Byggt sé á staðgreiðslugögnum og því geti verið vanmat í nýjustu tölum þegar launagreiðendur skila ekki inn upplýsingum tímanlega. –jhh

# Sindri hefur hlotið fjölda dóma fyrir fjársvik, stuld og hylmingu

Sindri Þór Stefánsson á sér 15 ára afbrotasögu og hefur hlotið fjölda dóma fyrir þjófnað og fikniefnabrot. Stal verkefnabókum nemenda í Gleráarskóla, keypti veitingar út á kreditkort Akureyrarbæjar og geymdi stolin sirenuljós. Hann hefur oft reynt að snúa við blaðinu og dómara sýnt honum itrekaðan skilning.

**LÖGREGLUMÁL** Sindri Þór Stefánsson, sem var handtekinn í Amsterdam á sunnudag, verður leiddur fyrir dómara þar í borg í dag sem tekur ákvörðun um hvort Sindri verði sviptur frelsi sínu þar til afstaða þarrendra yfirvalda til framsalskröfu íslenskra yfirvalda liggur fyrir.

Sakaferill Sindra nær aftur til ársins 2003 og hlaut hann á fyrstu árum glæpaferils síns fjölda dóma fyrir vörslu fikniefna, umferðarlagabrot og þjófnað. Meðal þess sem Sindri hefur verið dæmdur fyrir að taka ófrjálsri hendi eru fimm fartölur sem hann stal í Gleráarskóla á Akureyri árið 2006 ásamt myndavél, skjávarpa, flakkara og stílabókum með verkefnum nemenda og kennara. Þá hefur hann hlotið dóma fyrir þjófnað á ýmiss konar öðrum raftækjum, skartgripum og reiðufé, bæði úr íbúðarhúsum og fyrirtækjum.

Sindri hefur einnig hlotið dóma fyrir hylmingu og fyrir að hafa haft þýfi í sinni vörslu. Má þar til dæmis nefna tvö hraðblikkandi blá toppljós, gult vinnuljós með snúningi, hvítt hraðblikkandi ljós undir flugvélar og ýmislegt annað þýfi úr innbrotum bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Árið 2007 hlaut hann dóm fyrir tilraun til fjársvika er hann bókaði gistingu á Hótel Holti, pantaði þar veitingar og gaf upp númer greiðslukorts í eigu Akureyrarbæjar. Er hann hugðist nota sömu kortaupplýsingar til að panta gistingu á Fosshótel Lind nokkru síðar var Akureyrarkaupstaður búinn að láta loka kortinu.



Sindri Þór Stefánsson var handtekinn í Amsterdam seint á sunnudag eftir tæpa viku á flóttu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Afbrotaferill Sindra

**2003** Ákvörðun refsingar fyrir þjófnað frestað skil-orðsbundið í tvö ár.  
**2005** Fangelsi í einn mánuð fyrir þjófnað.  
**2005** Fangelsi í fjóra mánuði, fyrir fikniefnabrot, hylmingu og fjársvikabrot.  
**2006** Sekt fyrir þjófnað, eignaspjöll, fikniefna- og umferðarlagabrot.

**2007** Fangelsi í átta mánuði fyrir þjófnað, hylmingu og fjársvik og tilraun til fjársvika.  
**2010** Fangelsi í fjóra mánuði fyrir þjófnað, umferðarlagabrot og fikniefnabrot.  
**2015** Fangelsi í tvo mánuði fyrir fikniefnabrot.  
**2017** Fangelsi í sex mánuði fyrir fikniefnabrot.  
**2017** Fangelsi í tólf mánuði fyrir fikniefnabrot.

Árið 2010 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað, umferðarlagabrot og fikniefnabrot. Við ákvörðun refsingar var tekið tillit til þess að Sindri hafi, að sögn hans sjálfs fyrir dómi, stofnað fjölskyldu og eigi barn með sambýliskonu sinni. Hann hafi fengið skólavist eftir áramót og verið í meðferð vegna áfengis- og fikniefnavanda.

Tók nú við gott tímabil í lífi Sindra, eins og hann hefur sjálfur lýst í grein í Pressunni í október

2013 þar sem hann þakkar SÁÁ hjálpinu og líkir bata sínum við kraftaverk en hann hafi verið edrú í tvö ár og tíu mánuði. Þó játaði hann skýlaust fyrir dómi nokkru síðar að hafa verið iðinn við fikniefnaflutninga frá Reykjavík til Akureyrar vikurnar og mánuðina áður en fyrrnefnd grein var skrifuð.

Síðan þá hefur hann tveigis hlotið dóma fyrir umfangsmikla fikniefnaframleiðslu.

Hinn 31. mars 2017 var Sindri dæmdur í sex mánaða fangelsi

fyrir að hafa í félagi við annan mann staðið fyrir umtalsverðri fikniefnaframleiðslu í iðnaðarhúsnæði á Seltjarnarnesi haustið 2014. Þá var hann dæmdur í 12 mánaða fangelsi 27. nóvember síðastliðinn fyrir umtalsverða kannabísræktun í húsi á Grenivík í maí 2016. Var við ákvörðun refsingar tekið tillit til þess að Sindri kvæðst fyrir dómi ekki neyta fikniefna, hann væri fjölskyldumaður og starfaði sem tölvunarfræðingur í eigin rekstri. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

## Karapetjan tekur við af Sargsjan

**ARMENÍA** Karen Karapetjan, fyrsti varaforsetisráðherra Armeníu, er nú starfandi forsetisráðherra eftir að Sersj Sargsjan sagði af sér í gær. Samkvæmt Reuters er hann náinn bandamaður Sargsjans. Rússneski miðillinn RIA greindi frá. Sargsjan hrökklaðist í gær frá völdum eftir að tugþúsundir höfðu mótmælt honum á götum úti, dögum saman. Mótmælin beindust einna helst gegn langri valdatíð hans, vinskapi við yfirvöld í Rússlandi og linkind gagnvart spillingu. Á annað hundrað mótmælenda voru handteknir, meðal annars Nikol Pasjinjan, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, og tveir þingmenn.

Eftir að hafa setið á forsetastóli í tíu ár tók Sargsjan við forsetisráðuneytinu fyrir viku. Sat hann því einungis sex daga á forsetisráðherrastóli. Armenar ákváðu í þjóðaratkvæðagreiðslu 2015 að færa völdin



Fagnað var á götum úti eftir að Sargsjan sagði af sér í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

frá forseta til forsetisráðuneytisins. Í aðdraganda þeirrar atkvæðagreiðslu lofaði Sargsjan að verða ekki forsetisráðherra ef af breytingum yrði. „Þessi hreyfing á götum úti beinist gegn valdatíð minni. Ég mun upp-

fylla óskir ykkar,“ sagði í tilkynningu frá Sargsjan í gær. Sagði Sargsjan að Pasjinjan hefði haft rétt fyrir sér. Hægt væri að leysa deiluna í Armeníu á marga vegu en að hann gæti ekki komið að þeirri vinnu. –þea

**YAMAHA P-115**  
Rafpíanó

Verð. 99.990

**HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ**  
STOFNAD 1916 | Síðumíla 20 | 100 Reykjavík | www.hljodfaerahusid.is  
Sími 4155400

**TÓNABÚÐIN**  
STOFNAD 1966 | Glerárgötu 7 | 400 Akureyri  
Sími 442 1415 | www.tonabudin.is

LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU- AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

landrover.is



ABOVE & BEYOND



## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 6.890.000 kr.

## RANGE ROVER EVOQUE SE

Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn mögnuðum nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Nýja 2,0 lítra INGENIUM dísilvél in Evoque er sparneytnari og hefur að sama skapi 17% minni CO<sub>2</sub> útblástur.

RANGE ROVER EVOQUE SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 6.890.000 kr.

**LAND ROVER**

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK  
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

## SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018 III

## Vestmannaeyjar



## VW UP!

MoveUP 1.0 MPI

Ekinn 2.000



2017

1.930.000 KR

Ábyrgð til 2022. Álfegur. Aðgerðastýri. Bakskynjarar. USB tengi. Svartur toppur.



## Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014

E Eyjalistinn  
2 fulltrúar

26,8%

Sjálfstæðisflokkurinn  
5 fulltrúar

73,2%

## Íbúar í Vestmannaeyjum

1. janúar 2014

4.264

1. janúar 2018

4.284

Skuldir á hvern íbúa  
1.155.387 kr.Skuldahlutfall nú\*  
106 %Skuldahlutfall árið 2014  
102 %

\*Samkvæmt síðasta samþykka ársreikningi

## Framboðslistar í Vestmannaeyjum

## Eyjalistinn

1. Njáll Ragnarsson sérfræðingur
2. Helga Jóhanna Harðardóttir grunnskólakennari
3. Stefán Óskar Jónsson verkstjóri
4. Arna Huld Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur

## Fyrir Heimaey

1. Íris Róbertsdóttir fjármálastjóri
2. Jóna Sigríður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri
3. Elís Jónsson tæknifræðingur
4. Guðmundur Ásgeirsson endurskoðandi

## Sjálfstæðisflokkurinn

1. Hildur Sólveig Sigurðardóttir sjúkrapjálfari
2. Helga Kristín Kolbeinsdóttir skólameistari
3. Trausti Hjaltason framkvæmdastjóri
4. Eyþór Harðarson útgerðarstjóri
5. Elliði Vignisson bæjarstjóri

## Stefnir í nokkuð mikla endurnýjun í Eyjum

Sjálfstæðisflokkurinn hefur fengið hreinan meirihluta í síðustu þrennum sveitarstjórnarkosningum í Eyjum. Nú gæti það breyst með tilkomu klofningsframboðs. Elliði segir ólíklegt að hann verði bæjarfulltrúi að loknum kosningum.

## SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

## 2018 III

Sveinn Arnarsson  
sveinn@frettabladid.is

Mikil endurnýjun mun að öllum líkindum eiga sér stað í bæjarstjórn Vestmannaeyja á næsta kjörtímabili og líklegt þykir að fimm nýir sveitarstjórnarmenn taki sæti í bæjarstjórn að afloknum kosningum.

Líklegt þykir að þrjú listar bjóði fram í lok maí. Eyjalistinn og Sjálfstæðisflokkurinn voru einu flokkarnir sem buðu fram fyrir fjórum árum en nú bætist við klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum sem ber nafnið „Fyrir Heimaey“. Öll framboðin þrjú leggja áherslu á lýðræði á næsta kjörtímabili.

## D-listi einn með völd

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið með hreinan meirihluta í bæjarstjórn Vestmannaeyja síðan árið 2006, allt frá því að Elliði Vignisson settist í oddvitasæti Sjálfstæðismanna í bænum. Flokkurinn hefur nú skákað honum niður í fimmta sæti listans sem telst ólíklegt sæti í bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Hann er þó enn bæjarstjóraefni flokksins og því stýrir hann kosningabaráttunni sumpart úr aftursætinu að þessu sinni.

„Það er nánast öruggt að ég verð ekki bæjarfulltrúi. Við stefnum á fjóra bæjarfulltrúa og ég er enn bæjarstjóraefni flokksins,“ segir Elliði. „Fyrir þessu eru nokkrar ástæður. Í aðdraganda frágangs listans komu fram vangaveltur um lýðræðishalla um að sami einstaklingur sé í forsæti og bæjarstjóraefni og jafnframt með langmestu reynsluna. Því ákvað ég að stíga til hliðar og hleypa frambærilegu fólki ofar á listann.“

## Áhersla á aukid lýðræði

Íris Róbertsdóttir er oddviti hins nýja framboðs Fyrir Heimaey. Hún segir mikilvægt að auka lýðræði íbúanna og veita þeim aukinn aðgang að ákvarðanatökum í bænum. „Félagið er stofnað fyrir um tíu dögum á þeim grunni að fólk vilji bæta samfélagið og auka lýðræðisleg vinnubrögð. Við teljum að það sé hægt að gera betur í því að auka lýðræði íbúanna. Umræðan hefur verið í þá átt að íbúar geti komið að ákvarðanatöku á fyrri stigum máls þegar stórar ákvarðanir eru teknar og að kjósendur hafi meira aðgengi og áhrif en aðeins á fjögurra ára fresti,“ segir Íris. „Það er það sem við vinnum eftir og viljum gera betur í þessum málum.“

Njáll Ragnarsson, oddviti Eyjalistans, tekur í sama streng og segir Eyjalistann setja aukid lýðræði og skólamáli í forgang. „Okkur langar

## Frá því við tókum við fyrir tólf árum hefur gengið einmuna vel.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

að taka til hendinni í skólamálu og tryggja að vel sé búið að kennslu í Vestmannaeyjum. Einnig skiptir okkur máli að auka lýðræðið í Vestmannaeyjum þar sem íbúar fái tækifæri til að koma að og hafa áhrif á ákvarðanatöku innan bæjarkefnisins.

## Fjármálin gengið vel

Njáll, Íris og Elliði eru sammála um að rekstur sveitarfélagsins hafi gengið vel á síðustu árum. Oddvitar Eyjalistans og Fyrir Heimaey sjá ekki mikið athugasemjulegt við reksturinn. Elliði segir síðustu tólf ár ágætis vitnisburð um vel rekið sveitarfélag. „Frá því við tókum við fyrir tólf árum hefur gengið einmuna vel. Við höfum greitt niður um 90 prósent af lánum og skilað afgangi á hverju ári á kjörtímabilinu sem nú er að líða,“ segir Elliði. „Á sama tíma höfum við aukid þjónustustigið í samfélaginu. Þetta hefur allt gerst á forsendum samstarfs, bæði innan meirihlutans og við minnihlutann. Af þessu erum við stolt.“

Raf / Bensín B  
Ekinn þús. km. 30  
Myndir á vef M  
Dísil D  
Fjórholadrif 4x4  
Metan & bensín ECO  
Sjálfskiptur A  
Beinskiptur H  
Rafmagnsbíll

Nokkrir góðir með netta reynslu

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is

Audi Q5 Quattro  
2.0 TDI

2013 4.890.000 KR

Mitsubishi Outlander  
Intense

2016 3.590.000 KR

Skoda Fabia  
Ambition 1.2

2015 1.990.000 KR

Skoda Yeti Outdoor  
Ambition 2.0 TDI

2016 3.550.000 KR

VW Golf Sportsvan  
Comfortline 1.4 TSI

2015 2.590.000 KR

VW Tiguan R-Line  
2.0 TDI

2015 4.590.000 KR



NOTAÐIR  
HEKLA BÍLAR

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040



Volkswagen



SKODA

MITSUBISHI  
MOTORS



# NÝR VOLVO XC40 ÞAÐ ERU BREYTTIR TÍMAR

Það eru breyttir tímar. Meira er ekki lengur allt. Volvo XC40 hefur allt sem þú þarft. Engan óþarfa. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo mjög að hann hefur verið valinn bíll ársins í Evrópu 2018.

Komdu á frumsýningu á þessum stórkostlega jeppa í nýjum, glæsilegum Volvo sýningarsal 28. apríl, að Bíldshöfða 6.

Volvo XC40 D4 190 hestöfl AWD sjálfskiptur  
Verð frá 5.990.000 kr.

MADE BY SWEDEN



Volvo XC40 er Bíll ársins 2018 í Evrópu



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

[volvocars.is](http://volvocars.is)

# Ónýtur aur



Kjartan Hreinn Njálsson

kjartanh@frettabladid.is

Vafalaust er það vísbending um breytta tíma þegar einn umfangsmesti þjófnaður seinni ára á Íslandi varðar stuld á 600 tölum sem sérhannaðar eru til illskiljanlegs, stafræns námugraftrar á rafrænni mynt sem hefur lítið notagildi, annað en það að vera í takmörkuðu upplagi og knúin áfram af hnattærni spákaupmennsku.

Þessi þjófnaður á tækjabúnaði úr gagnaverum á Reykjanesi er öflugur vitnisburður um stöðu og umfang rafmyntargeirans á Íslandi og víðar. Virði tólvanna sem stolið var úr gagnaverunum er metið á um 200 milljónir króna, en þessar vélar voru hannaðar til að grafa eftir Bitcoin-rafmyntinni. Um þessar mundir er markaðsvirði Bitcoin rúmlega 150 milljarðar Bandaríkjadala.

Það ætti ekki að koma á óvart að einhverjir séu reiðubúinir að stela og svikja í þeim tilgangi að efnast á Bitcoin. Þessi stafræni gjaldmiðill er nafnlaus og án formlegrar miðstýringar (ákveðin miðstýring á sér stað í rafmyntarnámum eins og á Reykjanesi) og er heppileg leið til að stunda peningþvætti og skattaundanskot. Um leið er Bitcoin óskilvirkur verðmætaforði. Myntin er bæði óstöðug og hefur verið klofin nokkrum sinnum með tilheyrandi hættu á verðyrnun. Þessi stafræni myntmarkaður er sannarlega „villta vestrið“ eins og Smári McCarthy, þingmaður Pírata, lýsti honum á Alþingi í gær.

En myntin er eitt og tæknin annað. Þau örfáu gagnaver sem eru á Íslandi eru að stórum hluta til notuð í námugreftri eftir rafmyntum og sambærileg gagnaver er að finna víða um heim. Í þessum námum staðfesta tölur viðskipti með Bitcon, eða aðra rafmynt, með því að leysa gríðarlega flóknar, og fullkomlega tilgangslausar, stærðfræðiþrautir með tilheyrandi orkueyðslu. Tölvun sem leysir þrautina fær hluta af Bitcoin að launum og um leið eru viðskiptin skjalfest með skráningu í stafræna og opna færsluskrá.

Þetta er tæknin sem Bitcoin og aðrar rafmyntir byggja á, hin svokallað bitakedja, og hún er einstök uppfinning sem mun vafalaust ryðja sér til rúms á tímum aukinnar sjálfvirkni, gervigreindar og réttmætrar kröfu almennings til gagnsæis og heiðarleika.

Það þarf að tryggja það með opinberri stefnumótun að Bitcoin og bitakedjutæknin verði ekki notuð í ólöglegum tilgangi, og koma þarf í veg fyrir það að hægt sé beinlínis að stela peningaprentvélunum (tölvunum) og komast upp með það.

Þetta er ekki flókið verkefnið. Hins vegar verður að horfa til framtíðar og nýta þá miklu þekkingu sem er að myndast hér á landi til að nýta bitakedjutæknina í þágu almennings. Aurinn er ónýtur, veskið ekki.



Um þessar mundir er markaðsvirði Bitcoin rúmlega 150 milljarðar Bandaríkjadala.

## Halldór



## Frá degi til dags

Við ætlum að reisa veg! Í það minnsta þrjár grimur hljóta að vera runnar á þá borgarfulltrúa sem samþykktu að fjölga borgarfulltrúum í 23. í kjölfarið hafa allir og amma þeirra boðað framboð. Í mörgum tilfellum fólk sem virðist fullkomlega ómeðvitað um stjórnskipun lýðveldisins. Mörg kosningaloforð hafa því lítið með sveitarstjórnarmál að gera. Full eldmóðs lofa ný framboð upp í ermar sínar. Að því er virðist í fullvissu um að í krafti þess að vera höfuðborg hafi borgarstjórn Reykjavíkur víðtækara umboð og völd en ríkisstjórn landsins.

**Hvar er Stormy?**  
Höfuðborgarlistinn fetar til dæmis einarður í fótspor Donalds Trump. Eitt þekktasta kosningaloforð hans var að reisa múr á milli Bandaríkjanna og Mexíkó og láta Mexíkó borga fyrir mannvirkni. Við svipaðan tón kveður hjá Höfuðborgarlistanum sem ætlar að tengja Skerjafjörð, Kársnes og Álfanes með Sundabraut og láta Kópavog og Garðabæ borga. Bæjarstjórnir Ármann Kr. Ólafsson og Gunnar Einarsson hljóta að treysta á skynsemi kjósenda í borginni þar sem lítið fer fyrir klámstjórnunum hér á landi til þess að benda á að loforð af þessu tagi eru jafn nakin og keisarinn forðum. Nú eða Stormy Daniels sjálf. [thorarin@frettabladid.is](mailto:thorarin@frettabladid.is)

## Lýðheilsuvandamál – hvað annað



Valdis Ingibjörg Jónsdóttir  
doktor í  
raddmeinum

Á dögunum var felldur dómur á Akureyri þar sem íþróttakennara voru dæmdar bætur vegna raddmissis sem hún varð fyrir vegna starfsaðstæðna. Miðað við almennt þekkingarleysi á rödd má gera ráð fyrir að margir hafi ekki áttað sig á hversu merkilegur tímamótadómur þetta er og forðæmisgefandi. Þarna er röddin loks viðurkennd sem atvinnutæki sem atvinnurekandi ber fulla ábyrgð á. Bæturnar voru hins vegar til háborinnar skammar eða 160.000 kr. fyrir óafturkræfan raddskada. Að taka það sem sjálfsögðum hlut að raddveilir séu algengar hjá íþróttakennurum, eins og gert var í málsvörn Akureyrarbæjar, ber fáfræði sorglegt vitni. „Biluð“ rödd bendir til þess að eitthvað sé að raddkerfinu. Í langflestum tilfellum bregst það vegna álags eða óviðunandi vinnuadstæðna. Einu sinni þótti sjálfsgat að augnskaðar væru fylgigifskur hjá þeim sem stunduðu logsuðu og heyrnarskaðar hjá þeim sem unnu í hávaða.

Raddveilir eiga ekki að vera sjálfsagður hlutur. Fræðsla um líkamsfræði raddar ætti að vera skyldufag í námi þeirra sem ætla að leigja hana út. Hlustendur verða að geta hlustað sér til gagns. Það er álitíð að um einn þriðji hluti vinnuafis þjóðar framfleyti sér á því að leigja út rödd sína sem varla getur talist fámennur hópur. Bágborin raddheilsa kennara er áhyggjuefni um allan heim. Það skyldi þó ekki vera að lélegur árangur nemenda sé vegna þess að þeir geti einfaldlega ekki heyrt hvað kennarinn er að segja í háværum bekkjarkliði? Í öllum mínum rannsóknum á röddum kennara virðast 10% vera komin með það mikla raddþreytu og raddveilir að í raun dugar röddin ekki sem kennslutæki. Án raddstyrks og raddþols gagnast þetta atvinnutæki ekki hlustendum.

Það er löngu kominn tími á að röddin flokkist undir lýðheilsu og raddveilir sem lýðheilsuvandamál. Nú er bara að sjá hvort fagfélög og fleiri, t.d. ráðamenn, hafi vit á að nýta sér þennan dóm. Það er ósvinna að sá sem skaðar rödd sína í starfi þurfi að sitja uppi með skaðann og rúmlega það.



Það er ósvinna að sá sem skaðar rödd sína í starfi þurfi að sitja uppi með skaðann og rúmlega það.

**SÍÐUSTU DROTTNINGAR-DAGARNIR Í REKKJUNNI**

Allt að 40% afsláttur af rúmunum í Queen-stærð 153X203 cm

**VERÐ FRÁ 85.184 kr.**  
- dýna, botn og fætur.

Stakar dýnur í Queen-stærð

**VERÐ FRÁ 39.250 kr.**

**rekkjan**  
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955  
[rekkjan@rekkjan.is](mailto:rekkjan@rekkjan.is) | [rekkjan.is](http://rekkjan.is)



# Staða RÚV og fjölmiðlun til framtíðar



Magnús Geir Þórðarson  
útværpsstjóri

Víð lifum á tímum mikilvægra breytinga í fjölmiðlun og menningu þar sem aðgengi fólks að erlendu afþreyingarefni hefur aldrei verið meira í gegnum alþjóðlega fjölmiðlarisa og efnisveitur. Allir fjölmiðlar, og RÚV þar á meðal, þurfa að taka mið af þessum breytingum og bregðast við. Á aðalfundi Ríkisútvarpsins ohf. í gær var farið yfir stöðu RÚV og fjölmiðlunar á Íslandi.

## Nýjar áherslur skila árangri

Tölur fyrir árið 2017, sem kynntar voru á fundinum, sýna að aukin áhersla á sérstöðu Ríkisútvarpsins skilar sér í jákvæðara viðhorfi almennings en áður hefur mælt í könnunum. Innlent efni, menningarefni og þjónusta við börn er í stöðugum forgangi í dagskrá. Vinsælasta dagskrárefni landsins eru íslenskir þættir á dagskrá RÚV sem Íslendingar njóta dag hvern og sem fyrir nýtur RÚV yfirburðstrausts meðal fjölmiðla.

RÚV leggur nú höfuðáherslu á vandað íslenskt efni úr okkar nærumhverfi, á okkar móturmáli. Sögur sem hreyfa við okkur og setja umheiminn í samhengi, sögur sem spegla mannlíf á Íslandi í öllum sínum fjölbreytileika, sögur sem vekja forvitni, kveikja á ímyndunaraflinu, hjálpa okkur að takast á við ný viðfangsefni og tengja okkur saman sem þjóð hér og nú.

RÚV fjallar um málefni liðandi stundar og rýnir störf þeirra sem hafa áhrif á hag almennings. Á tímum upplýsingaóreiðu er mikilvægt en nokkru sinni að miðill í eigu almennings kryfji málin til mergjar og beini sjónum að öllum hliðum mannlífsins. Þannig geta fjölmiðlar verið hreyfiafl góðra verka.

## Áframhaldandi hallalaus rekstur

Nýbirtur ársreikningur sýnir fram á að hagræðing, umbætur í innra starfi og nýtt skipulag skila jákvæðri rekstrarniðurstöðu þriðja árið í röð. Mesta skuldalækkun í sögu félagsins er nú gengin í gegn með sölu byggingarréttar.

Um langa hríð hefur skuldabréf vegna uppgjors á eldri lífeyrisskuldbindingum verið þungur baggi á starfsemi RÚV. Í gær var greint frá því að samið hefur verið við LSR um skilmálabreytingu lánsins, sem liður í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Það er mikilvægur áfangi þó skuldir séu enn of háar.

Þjónustusamningur til 2020 tryggir stöðugleika sem gerir félaginu kleift að gera eðlilegar langtímaáætlanir sem eru nauðsynlegar ritstjórnarlegu sjálfstæði almanna-miðilsins. Þessi árangur er ekki sjálf-sagður, heldur afrakstur samstillts átaks starfsfólks og stjórnar RÚV.

## Ný stefna fjárfestir í framtíðinni

Á fundinum var einnig greint frá innleiðingu nýrrar stefnu sem kynnt var á vordögum 2017 og

unnin með aðkomu á annað þúsund landsmanna og hagaðila víða að úr samfélaginu. Stefnan teiknar upp hvernig þjónusta RÚV mun þróast á næstu árum í takt við þarfir nútíma-fólks. Markmiðið er metnaðarfull og traust, íslensk almannathjónusta til framtíðar.

Nýjar stefnuáherslur eru þegar farnar að birtast með bættri þjónustu við ungt fólk, eflingu Krakka-RÚV, nýrri þjónustu við þá sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, nýjum

menningarvef, aukinni norrænni samvinnu, bættri stafrænni þjónustu með nýjum spilara og fjölmörgu öðru.

## Fjölbreytt fjölmiðlaflóra er allra hagur

Það er mikilvægt að á Íslandi dafni fjölbreytt fjölmiðlaflóra með vönduðum einkamiðlum við hlið öflugrar almannaþjónustu. RÚV hefur aukið samstarf við framleiðendur, fjölmiðla, menningarstofnanir og skapandi greinar, meðal annars

með því að gera aðstöðu, tæki og þjónustu aðgengilega í meiri mæli en fyrr. Á sama tíma galopnum við samtalið við þjóðina og köllum eftir nýjum hugmyndum að dagskrárefni beint frá ykkur, eigendum RÚV, í gegnum Hugmyndadaga sem haldnir verða í annað sinn nú í maí.

Við starfsfólk RÚV höfum metnað fyrir því að nýja stefnan færi okkur á farsælan hátt inn í spennandi framtíð og stuðli að því að hér á landi búi áfram vakandi og viðsyn þjóð.



Það er öllum í hag að á Íslandi dafni fjölbreytt fjölmiðlaflóra með vönduðum einkamiðlum við hlið öflugrar almannaþjónustu.

## Heimavellir hf.

# Birting lýsingar

Stjórn Heimavalla hf. hyggst óska eftir því að allir hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands hf. og hefur í tengslum við fyrirhugaða umsókn og almennt útboð á nýjum hlutum í Heimavöllum, birt lýsingu dagsetta 23. apríl 2018 (hér eftir „lýsingin“). Lýsingin er gefin út á íslensku og er birt á vefsíðu félagsins, [www.heimavellir.is/fjarfestar](http://www.heimavellir.is/fjarfestar), auk þess sem fjárfestar geta pantað útprentuð eintök af lýsingunni í gegnum netfangið [fjarfestar@heimavellir.is](mailto:fjarfestar@heimavellir.is) sér að kostnaðarlausu. Lýsingin verður aðgengileg í tólf mánuði frá staðfestingu hennar.

Heildarföldi útgefna hluta í Heimavöllum á dagsetningu lýsingarinnar eru 10.282.419.644. Allir hlutirnir eru í sama flokki og jafn réttháir. Félagið á enga eigin hluti. Hlutir félagsins eru gefnir út rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Samþykki Kauphöllin að taka hluti útgefna af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar mun auðkenni þeirra hjá Kauphöllinni verða HEIMA. ISIN númer hlutabréfanna er IS0000028413.

Almennt útboð á nýjum hlutum í Heimavöllum hefst kl. 10.00 þriðjudaginn 7. maí og lýkur kl. 16.00 miðvikudaginn 8. maí 2018. Í útboðinu verða boðnir til sölu 750.000.000 nýir hlutir í Heimavöllum, en gefi eftirspurn í útboðinu tilefni til hefur félagið heimild til að stækka útboðið þannig að seldir hlutir nemi samtals allt að 900.000.000. Verði heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu ekki nýtt nemur hlutfjárakningin 6,7% af heildarhlutfé félagsins en 7,9% verði hún nýtt að fullu. Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Landsbankans hf., [www.landsbankinn.is/utbod-heimavellir](http://www.landsbankinn.is/utbod-heimavellir).

Markmið útboðsins er að fjölga hluthöfum til að uppfylla skilyrði Aðalmarkaðar Kauphallarinnar varðandi dreifingu hlutfjár og fjölda hluthafa. Félagið mun falla frá útboðinu ef Kauphöllin samþykkir ekki fyrir 23. maí 2018 fyrirhugaða umsókn stjórnar Heimavalla um að taka alla hluti útgefna af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Verði fallið frá útboðinu verða áskriftir í því felldar niður og gerðar ógildar.

Niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi kl. 16.00 þann 9. maí 2018. Tilkygningin verður jafnframt birt á vef Heimavalla, [www.heimavellir.is](http://www.heimavellir.is).

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Heimavöllum hf. eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar í lýsingunni í heild sinni og skilmála útboðsins sem þar koma fram.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Heimavelli og skilmála almenna útboðsins má finna í lýsingu Heimavalla. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

Landsbankinn hf. hefur umsjón með almennu útboði á nýjum hlutum í Heimavöllum. Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans veitir upplýsingar og tæknilega aðstoð vegna tilboðsbóka A og B í útboðinu í gegnum netfangið [fjarmalaradgjof@landsbankinn.is](mailto:fjarmalaradgjof@landsbankinn.is) og í síma 410-4040. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans veitir upplýsingar og tæknilega aðstoð vegna tilboðsbóka C í gegnum netfangið [utbod@landsbankinn.is](mailto:utbod@landsbankinn.is) og í síma 410-4000

Reykjavík, 24. apríl 2018  
Stjórn Heimavalla hf.

## LANGTÍMASAMBAND Á LEIGUMARKAÐI

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekkist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

[www.heimavellir.is](http://www.heimavellir.is)



Vissir þú að...  
börn eiga renni á aðstoð  
og heil af hollu miki í ofbroti



20 börn og fjölskyldur þeirra, samtals um 100 manns, fengu afhentan ferðastyrk úr sjóðnum Vildarbörn Icelandair á sumardaginn fyrsta. Alls hafa 625 fjölskyldur, eða um 3000 manns, notið stuðnings sjóðsins frá stofnun hans fyrir 15 árum og úthlutunin var sú 30. í röðinni. Sjóðurinn er m.a. fjármagnaður með beinu fjárframlagi Icelandair, frjálsum Vildarpunktaframlögum félaga Saga Club og með söfnun myntar og sölu á Vildarengli um borð í flugvélum Icelandair.

Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggir á hugmyndum og frumkvæði Peggy Helgason, sem hefur um árabíl unnið sem sjálfboðaliði á barnadeildum sjúkrahúsa. Vigdís Finnbogadóttir hefur verið verndari sjóðsins frá upphafi.

Flugfreyjukór Icelandair skemmti viðstöddum með söng við úthlutunina og einnig gáfu Sambíóin börnunum bíomiða.



ISLENSKA SIA IS ICE 88303 0578



Á myndinni má sjá styrkþega ásamt stjórnendum Vildarbarna. Það er auðvelt að gerast Vildarvinur – allar upplýsingar er að finna á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)



**Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018**Ítarlegri grein má lesa á [Fréttablaðið.is](http://Fréttablaðið.is)**PEPSI  
DEILDIN  
2018****KR  
hafnar í 4. sæti**

Fréttablaðið spár því að KR hafni í 4. sæti Pepsi-deildar karla. KR-ingar ollu vonbrigðum í fyrra og náðu ekki Evrópusæti. Rúnar Kristinsson er mættur aftur í Vesturbæinn og á að koma KR aftur á toppinn. KR-ingar hafa oft styrkt sig meira og virðast standa bestu liðunum talsvert langt að baki. Liðið verður að gera betur á heimavelli en í fyrra.

**Lykilmaðurinn í sumar  
Óskar Örn Hauksson**

Óskar Örn Hauksson hefur verið besti leikmaður KR undanfarin ár. Þriðji leikjahæsti leikmaður KR í efstu deild og annar markahæsti. Virðist ekkert gefa eftir þrátt fyrir að vera á 34. aldursári. Algjör lykilmaður í sóknarleik KR og getur gert útslagið í jöfnum leikjum. Þarf að halda uppteknum hætti í sumar.

**Tölfræði frá  
síðasta sumri**

**12** mörk skoraði KR á heimavelli, fæst allra.

**0** rauð spjöld fékk KR, fæst allra.

**Nýju andlitin**

**Kristinn Jónsson** Breiðabliki  
**Björgvin Stefánsson** Haukum  
**Albert Watson** Edmonton  
**Pablo Punyed** ÍBV

**Fylgstu með þessum**

**Björgvin Stefánsson** skoraði grimmt fyrir Hauka í Inkasso-deildinni en hefur ekki enn sannað sig í Pepsi-deildinni. Rúnar Kristinsson hefur mikla trú á framherjanum.

1. ?	7. Fjölnir
2. ?	8. Grindavík
3. ?	9. Víkingur R.
4. KR	10. ÍBV
5. Breiðablik	11. Fylkir
6. KA	12. Keflavík

ENKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ | SÓKNIN ★★★★★ | ÞJÁLFAVINN ★★★★★ | BREIDDIN ★★★★★ | LIÐSSTYRKINGIN ★★★★★ |

GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL 2017 4. sæti | 2016 3. sæti | 2015 3. sæti | 2014 3. sæti | 2013 1. sæti | 2012 4. sæti |

**Einum sigri frá því að halda titlinum í Safamýrinni**

Ekkert ókeypis á þessu stigi Karen Knútsdóttir keyrir hér inn að markinu í gegnum harða vörn Vals, vel studd af Steinunni í sigri Fram í gær. Framkonur geta unnið titilinn á heimavelli þegar þær taka á móti Val í Safamýrinni á fimmtudaginn en Framkonur hafa titil að verja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Nýjast**

Olis-deild kvenna, úrslit

**Valur - Fram 25-29**

**Valur:** Diana Dögg Magnúsdóttir 9, Morgan Marie Þorkelsdóttir 3, Ásdís Þóra Ágústsdóttir 2, Kristín Guðmundsdóttir 2, Kristín Arndís Ólafsdóttir 2, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 2, Gerður Arinbjarnar 1, Diana Satkauskaité 1, Vigdís Birna Þorsteinsdóttir 1, Auður Ester Gestsdóttir 1, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 1.

**Fram:** Steinunn Björnsdóttir 7, Ragnheiður Júlíusdóttir 6, Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Karen Knútsdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Elisabet Gunnarsdóttir 2, Marthe Sördal 1, Elva Þóra Arnardóttir 1, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1.

Staðan í einvignu er 2-1 fyrir Fram.

**Pinnonen fer frá Aftureldingu**

**HANDBOLTI** Eistneska skyttan Mikk Pinnonen leikur ekki með Aftureldingu á næsta ári en Einar Andri Einarsson, þjálfari liðsins, staðfesti að hann væri á förum í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann hefur verið í lykilhlutverki allt síðan hann kom í Mosfellsbæinn árið 2016 en hann er á förum frá Íslandi og ætlar að flytja aftur heim til Eistlands. – kpt



Pegar  
sentimetrarnir  
skipta máli.

**20%**

afsláttur af  
bremsum og  
10% afsláttur  
af bremsuvið-  
gerðum í apríl.



Volkswagen

MITSUBISHI  
MOTORS

HEKLA / LAUGAVEGUR 170-174 / HEKLA.IS



HEKLA



FRIDJUDAGUR 24. APRÍL 2018

## Heilsa



Svínakjöt er ódýr matur og hægt að matreiða það á margan hátt. Hér er að finna nokkrar léttar uppskriftir að hversdagsmat. ➔4

### Ertu svefnlaus?



Bjarney segir dásamlegt að nýta vorið til að búa sig undir fjallgöngurnar í sumar. MYND/EYÞÓR

# Fékk útivistarbúnað í fermingargjöf

Bjarney Gunnarsdóttir hefur lengi haft áhuga á útivist og hreyfingu. Hún segir að núna sé rétti tíminn til að hefja undirbúning fyrir fjallgöngur sumarsins. ➔2



Fyrsta skrefið snýst um að koma sér í gönguform og hópurinn fer í göngu þrisvar í viku. Hér er hann samankominn á Búrfelli.

Sigríður Inga  
Sigurðardóttir  
sigriduringa@frettabladid.is



#### Framhald af forsiðu →

Á hugi á útivist hefur sjaldan verið meiri en einmitt nú og margar sem hyggja á göngur í sumar. Bjarney Gunnarsdóttir býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á þessu sviði en hún kennir íþróttir við Vogaskóla og sinnir gönguverkefnum hjá Ferðafélagi Íslands. Hún segir gott að byrja að undirbúa sig sem fyrst fyrir sumarið, hvort sem ætlunin er að fara í lengri eða styttri göngur. „Auðvitað veltur undirbúningurinn á því hvernig göngu verði er að skipuleggja, hversu löng hún er og hversu mikil hækunin verður. Þegar búið er að ákveða hvert á að fara er dásamlegt að nýta vorið til að fara út og koma sér í gönguform. Ég mæli með að fara í tvær til þrjár göngur á viku, þar af a.m.k. í eina fjallgöngu og ganga þess á milli í jafnsléttu í einn til tvo tíma,“ segir Bjarney glaðlega.

#### Fjallgöngur og hjólatúrar

Í kringum höfuðborgarsvæðið eru mörg fjöll sem eru þægileg fyrir léttar göngur og nefnir Bjarney í því sambandi Úlfarsfell, Helgafell í Mosfellsbæ og Helgafell í Hafnarfirði. „Úlfarsfellið er mjög gott til æfinga því það eru margar leiðir upp á fellið, sumar eru einfaldar en aðrar aðeins erfiðari. Mosfellið er líka skemmtilegt og inni í Skammadal og við Hafravatn leynast mörg fjöll sem vert er að ganga á, svo sem Æsustaðafjall, Reykjafell, Lali og Reykjaborgir. Ég mæli líka með annarri hreyfingu, eins og hjólræiðum. Sumir nota svokallaðan himnastiga í Kópavogi og æfa sig með því að ganga hann upp og niður. Síðan má líka koma hreyfingu inn í daglega lífið, eins og að taka stigann frekar en lyftuna, þetta telur allt,“ segir Bjarney.

Ef ætlunin er að ganga langar leiðir sem tekur jafnvel nokkra daga þarf að bæta aðeins í þegar nær dregur, að sögn Bjarneyjar. „Í þeim tilfellum mæli ég með að fólk nái fimmtán kílómetrum á æfingu og einhverri gönguhækkun áður



Bjarney er ein þriggja sem leiða gönguverkefnið Fyrsta skrefið á vegum FÍ. Hér er hópurinn á Keili.

en það leggur í lengri göngu, eins og t.d. Laugavegin sem er ein vinsælasta gönguleið landsins. Gangu má léttari leiðir eins og Síldarmannagötur eða jafnvel Leggja-brjót til að æfa sig. Gott er að fara í eina dagsgöngu og kynnst því hvernig það er að vera með allt á bakinu í einn dag,“ nefnir Bjarney.

#### Næringarríkt nesti

Aðspurð um næringu og nesti í fjallgöngu segir Bjarney best að hafa nógu mikinn mat, sem er orku- og næringarríkur. „Svo þarf að muna að borða vel dagana fyrir göngu og byggja upp kolvetnaforða áður en lagt er af stað. Poki undir snarl er nauðsynlegur og í honum er gott að hafa hnetur, súkkulaðirúsínur, þurrkaða ávexti og jafnvel harðfisk. Ekki má gleyma vatninu, hafa það aðgengilegt og fá sér reglulega sopa, t.d. í hvert sinn sem stoppad er. Langoftast er hægt að sækja sér vatn í lækki.“

#### Góður útbúnaður lykilatriði

Bjarney telur enga ástæðu til að láta veðrið stöðva sig heldur sé einmitt gott að fara út í öllu veðri. „Þannig æfir fólk sig í að klæða sig



Bjarney er menntaður íþróttakennari og útivist á hug hennar allan.  
MYND/EYÞÓR

rétt. Hvað útbúnaður varðar er nauðsynlegt að eiga góða gönguskó sem búið er að ganga til því það á alls ekki að fara í göngu á nýjum skóm. Í lengri göngum finnst mér gott að taka með léttu sandala til að nota á kvöldin. Góður hlífðarfátur á borð við buxur og jakka er þarfapungur og undir honum mæli ég

með að klæða sig í nógu mörg lög. Þannig er hægt að fækka lögum ef það er hlýtt eða bæta við lögum ef það er kalt. Gott er að ganga af stað léttklædd og geta svo farið í eitt-hvað hlýrra þegar stoppad er. Mér finnst best að klæða mig í ull innst og síðan flis og svo léttu dúnlpu eða góða lopapeysu og loks hlífðarjakka. Ég er oft í fimm lögum, allt eftir því hvernig veðrið er. Buffið er líka gott til að nota um hálsinn og á höfuðið. Aukasokkar eru bráðnauðsynlegir en mörgum finnst gott að vera í þunnum sokkum og síðan göngusokkum yfir. Það hjálpar til við að minnka núning á húðina. Ekki vera í of þykkum sokkum, það getur verið óþægilegt. Svo er gott að venja sig á að ganga með göngustafi til að minnka álag á fótleggji,“ segir hún.

Nokkurn tíma getur tekið að koma sér upp góðum útbúnaði og segir Bjarney að hún hafi byrjað á því strax á unglingsaldri. „Þegar ég fermdist óskaði ég þess að fá aðeins útivistarbúnað að gjöf. Ég á enn og nota margt af því sem ég fékk í fermdingargjöf, svo sem bakpoka og primussett,“ rifjar hún að lokum upp.



#### Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á [bros.is](http://bros.is)

Bros auglýsingavörur  
Norðlingabraut 14



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Sölu menn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433

Mensjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5338

# Betra geð og meira jafnvægi

Positive Mood inniheldur saffran en virkni þess hefur verið staðfest með klínískum rannsóknum. Saffran hefur jákvæð áhrif á andlega líðan og tilfinningalegt jafnvægi.

Fjölmargir kljást við væga depurð eða eru kannski ekki alveg í jafnvægi tilfinningalega. Það er margt sem getur spilað þar inn í en gæti hugsast að það sé til náttúrulegt efni sem gæti hjálpað til við að koma á jafnvægi og lyfta andanum örliðið? Svarið við því er já en ein vinsælasta nýjungin á bætiefnamarkaðinum í dag er saffran og hafa rannsóknir sýnt fram á að það hefur jákvæð áhrif á andlega líðan og eykur tilfinningalegt jafnvægi," segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

## Saffran þekkt lækningajurt

Saffran er fræni saffrankrökusins sem er lágvaxin planta af sverðliljuætt. Saffran er þekkt síðan löngu fyrir Krist og er fyrstu heimildir um það að finna í Asíu þar sem það hefur lengst af verið notað í lækni- fræðilegum tilgangi. Flestir þekkja það þó sem krydd og/eða litunarefni en það er jafnframt dýrasta krydd í heimi sökum þess hversu seintlegt er að safna fræninu. Nú hafa verið gerðar klínískar rannsóknir



Saffran hefur jákvæð áhrif á andlega líðan og eykur tilfinningalegt jafnvægi.

**Positive Mood dregur úr depurð og eykur tilfinningalegt jafnvægi.**

Hrönn Hjálmarsdóttir  
heilsumarkþjálfari

á saffrani og eins og svo margt sem náttúran býður okkur upp á þá getur það nýst okkur afar vel til að viðhalda heilbrigði, í þessu tilfalli andlegu heilbrigði.


## Gegn depurð og andlegu ójafnvægi

„Rannsóknir síðari ára hafa sýnt fram á að 30 mg af saffrani daglega

í a.m.k. 6 vikur bættu lundarfar og virka vel gegn vægum einkennum þunglyndis eða depurðar. Saffran er því orðið eitt vinsælasta bætiefnið á markaðnum í ár og ekki er það verra að engar aukaverkanir fylgja inntöku," segir Hrönn.

## Positive Mood inniheldur saffran

Positive Mood er nú komið á markað á Íslandi. Dagskammturinn er ein tafla og inniheldur hún 30 mg af saffrani ásamt B-2, -3 og -7 vítamínunum og magnesíum en þessi vítamín og steinefni styðja við eðlilega taugastarfsemi. Frábært bætiefni til að létta lund og draga úr tilfinningalegum sveiflum.



# Kraftur, úthald og stinning

Man Power er fyrir karlmenn sem eiga við væg stinningarvandamál að stríða og vilja aukna orku og úthald. Það inniheldur gingseng ásamt aminosýrum sem hafa jákvæð áhrif á þessa þætti.


Á doktor.is segir: „Talað er um stinningarvandamál, rístruflanir eða getuleysi þegar karlmönnum rís ekki hold sem gerir það að verkum að þeir geta ekki stundað fullnægjandi kynlíf. Tiðni stinningarvanda eykst með aldrinum en 15-25% 65 ára karlanna rís ekki hold.“ Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari, hjá Artasan segir ástæðuna geta verið af ólíkum toga.

## Orsakir stinningarvanda

„Fjölmargir þættir og samspil þeirra hafa áhrif á stinningu og getur rót vandans því legið víða. Taugakerfi, æðakerfi, hormónar og sálarlíf skipta máli og svo geta ýmsir undirliggjandi sjúkdómar haft áhrif. Erfiðleikar í samskiptum, áhugaleysi og kvíði hafa töluvert að segja sem og áfengi og ákveðin lyf. Ef vandamálið er til staðar þó svo að það sé ekki metið stórvægilegt, þarf að finna út úr því en öll vandamál þarfnaust lausnar.“

## Man Power gegn vægum vanda

„Man Power er hannað fyrir karlmenn en rannsóknir hafa sýnt fram á að innihaldsefni geta bæði aukið kynlíflöngun sem og úthald og orku. Ginseng hefur löngum verið þekkt fyrir að auka úthald, orku og bæði líkamlega og andlega vellíðan. Panax ginseng eða kórskt ginseng er notað í Man Power en það er það öflugasta sem völ er á en það er einnig tengt við aukna



kynlíflöngun. Aminosýrurnar L-arginin og L-citrullin bæta blóðstreymið og rannsóknir hafa sýnt að blanda af þessum tveimur getur aukið stinningu hjá mönnum með væg stinningarvandamál. Steinefnið sink er nauðsynlegt fyrir svo margar sakir en hér er það fyrst og fremst af því að það hefur jákvæð áhrif á frjósemi og æxlun og svo vegna eiginleika þess til að viðhalda eðlilegu testósterónmagni í blóði. Dagskammturinn eru 3 töflur á dag með mat eða vatnsglasi," segir Hrönn.

Rannsóknir hafa sýnt að innihaldsefni geta aukið kynlíflöngun, úthald og orku.



# Æðislegir hversdagsréttir

Svínakjöt er ódýr matur og því hentugur á virkum dögum. Það er hægt að útbúa svínakjöt á ýmsan hátt svo úr verði frábær máltíð. Hér eru nokkrar hugmyndir að einföldum kvöldmat.

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Þetta er fljótlegaður og góður réttur til að hafa hversdags. Rétturinn er þar að auki ódýr og með asisku bragði. Uppskriftin er fyrir fjóra.

## Baguette með svínakjöti

400 g svínakjöt, skorið í strimla  
2 msk. chili-duft  
2 msk. sojasósa  
2 msk. sykur  
2 msk. sesamolía  
2 msk. hvítlaukur, rifinn  
4 msk. hrisgrjónaedik eða -vín  
2 msk. olía til steikingar  
Salt og nýmalaður pipar  
Sultað grænmeti  
½ dl hrisgrjónaedik  
½ dl vatn  
½ dl sykur  
1 gulrót, smátt skorið  
1 steinseljurót, skorið þunn  
2 selleristönglar, skornir niður  
Baguette-brauð  
4 msk. majónesi  
4 msk. ferskt thai-basil, smátt skorið  
1 rauður chili-pipar, fræhreinsaður

Skerið kjötið niður og setjið í plastpoka. Blandið öllu því sem á að fara í marinerunguna í skál, chili-dufti, sojasósu, sykri, sesamolíu, hvítlauk og hrisgrjónavíni og hrærið. Hellið síðan yfir kjötið og veltið því upp úr blöndunni. Kjötíð þarf að standa í minnst 30 mínútur í marinerungunni. Þetta má líka gera kvöldið áður.

Sjóðið upp hrisgrjónaedik, vatn og sykur og látið malla þar til sykurinn leysist upp. Takið af hitanum og bætið gulrót, steinseljurót og sellerirót saman við. Kælið.

Brúnið svínakjötið á heitri pönnu þangað til það hefur fengið fallegan lit.

Skerið brauðið í fjóra parta og fyllið hvern með majónesi, sultuðu grænmeti og kjöti. Skreytið með basil og chili.

## Svínakótelettur með peru og rauðkáli

Mjög góður réttur með heitum perum sem gera gott bragð. Það tekur stuttan tíma að elda þennan



Baguette með svínakjöti er finnr matur þegar maður hefur ekki mikinn tíma.

rétt og hann er miðaður við fjóra.

4 svínakótelettur  
2 msk. smjör  
Salt og pipar

### Meðlæti

1 blaðlaukur  
1 krukka rauðkál  
1 tsk. smátt skorið rósmarín  
1 pera

Skerið í fituröndina á kótelettunum til að þær bogni ekki í steikingu. Nuddið þær með salti og pipar. Brúnið í smjöri í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Lækkið hitann og látið vera áfram á pönnu

í 5 mínútur. Perurnar eru afhýddar skornar í fjóra hluta sem settir eru út á pönnuna og steiktir með síðustu fimm mínúturnar. Steikið laukinn á annarri pönnu og bætið síðan rósmaríni út í ásamt rauðkálínu. Hitið upp og bragðbætið með salti og pipar. Berið kjötið fram með heitum perum og rauðkálínu.

## Svínasnitel Cordon Bleu

Þetta er franskur réttur en Cordon Bleu þýðir blátt band. Rétturinn er frægur og oftast er notað kálfkjöt í hann. Í þetta skiptið notum við svínakjöt. Uppskriftin er fyrir fjóra.



Svínakótelettur eru alltaf góðar.



Cordon Bleu svínakjöt sem einfalt er að gera.

800 g svínakjöt, ytra fillet  
2 tsk. sinnep  
4 sneiðar skinka  
4 sneiðar ostur  
6 msk. hveiti  
1 tsk. salt  
½ tsk. pipar  
3 egg  
3 dl brauðrasp  
4 msk. smjör til steikingar

Útbúið fjórar steikur og berjið þær létt með buffhamri. Skerið vasa inn í kjötið og fyllið hann

með skinku, osti og smá sinnepi. Ágætt er að loka vasanum með tannstönglum svo að osturinn bráðni ekki út á pönnuna. Leggið kjötið fyrst í hveiti sem hefur verið bragðbætt með salti og pipar, síðan í hrært eggjög og loks í brauðraspið. Steikið á miðlungshæitri pönnu upp úr smjöri, um það bil þrjár mínútur á hvorri hlið. Berið fram með kartöflusalati eða soðnum kartöflum og sitrónu-bát.

Fimmtudaginn 26. apríl gefur Fréttablaðið út sérblaðið

## ÚTIVIST

Í þessu glæsilega blaði verða skemmtileg viðtöl við allskonar fólk sem hefur smitast af útivistarbakteríunni. Fjallgöngur, hlaup, hjólreiðar eða skokk um göngustíga borgarinnar.

Markmið blaðsins er grípa athygli allra þeirra sem stunda útivist af einhverju marki. Því til viðbótar verður ýmis gagnlegur og hvetjandi fróðleikur fyrir þá sem vilja fara af stað og stunda meiri útiveru og útivist.

Nánari upplýsingar um auglýsingar og kynningarumfjallanir veitir

Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími 512 5433 / olafurh@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



# Stóreldhús

ÞRIÐJUDAGUR 24. APRÍL 2018

Kynningar: ÍSAM



## Ítalskir birgjar hjá ÍSAM

Stóreldhúsdeild ÍSAM býður upp á gæðavörur frá öllum heimshornum en leggur sérstaka áherslu á ítalskar gæðavörur. Því flytur deildin inn matvöru beint frá viðurkenndum birgjum á Ítalíu. ➔2



Hjá ÍSAM er hægt að fá frábærar vörur frá sjö ólíkum viðurkenndum birgjum á Ítalíu. MYND/ERNIR

**S**tórelldhúseild ÍSAM (Horeca) býður upp á gæðavörur frá öllum heimshornum. Þeir Eggert Jónsson sölumaður (konditormeistari og bakari) og Hjálmar Örn Erlingsson sölustjóri (matreiðslumaður) hafa sérhæft sig í vöruþekkingu og uppbyggingu vöruvals frá Ítalíu.

„Við höfum lagt mikla áherslu á ítalskar gæðavörur og erum við flýttja inn vörur frá sjö viðurkenndum birgjum, beint frá Ítalíu,“ segir Hjálmar. „Í söluteymi ÍSAM – Horeca eru sex sölumenn sem eru fagmenn með djúpa þekkingu á matarmenningu og kröfum markaðarins hverju sinni. Við leggjum okkur fram við að þjónusta og leiðbeina viðskiptavininum eins og best er kostur.“



#### Sacla

„Þrjár kynslóðir Ercole-fjölskyldunnar hafa skapað þetta rótgróna fyrirtæki, sem var stofnað árið 1939,“ segir Hjálmar. „Sacla er

í hinu frjósama Piemonte-héraði á Norður-Ítalíu, þar sem höfuðstöðvarnar eru í dag. Sacla hefur verið leiðandi fyrirtæki hvað varðar ólífur, pestó, súrsað grænmeti og antipasti fyrir forrétti.“



#### De Cecco

„Fyrirtækið var stofnað árið 1886 af Filippo Giovanni De Cecco og bræðrum hans í Fara San Martino í Abruzzo-héraði á Mið-Ítalíu,“ segir Hjálmar. „De Cecco byrjaði að framleiða hágæða hveiti sem þróaðist svo í eitt besta þurrkaða pasta í heimi. De Cecco var fyrst til þess að þurrka pasta með loftþurrkunarvél. Ef leitað er eftir hágæða þurrkuðu ítölsku pasta, þá er De Cecco pastað svarið.“



#### Fabbri

„Gennaro Fabbri stofnaði fyrirtækið árið 1905 í Bologna. Fabbri

byrjaði að framleiða kirsuberjalíkjöra í kjallara í verslun sinni, en seinna fór fyrirtækið að selja hin heimsfrægu kirsuber „Amarena“,“ segir Eggert. „Í dag eru þeir þekktastir fyrir isgerðarefni og eru eitt stærsta fyrirtæki heims í þeim geira.“



#### Menu

„Romolo Barbieri stofnaði fyrirtækið árið 1932 en árið 1956 tók sonur hans, Rodolfo Barbieri, við eftir að faðir hans lést skyndilega. Menu er þekkt fyrir ítalska tómata og selur vörur til 60 landa,“ segir Eggert. „Tómatauppskeran er í ágúst og þá vinna þeir úr allri uppskerunni og pakka henni í dósir og kassa til að halda sem mestum ferskleika.“



#### Polselli

„Polselli er einn af þekktari hveitframleiðendum á Ítalíu og

er í Arce, sem er um 100 km frá Napólí,“ segir Eggert. „Polselli er nú rekið af Emiliano Polselli, en hann er af fjórðu kynslóð sem rekur fyrirtækið. Polselli er með yfir 20 tegundir af hágæða hveiti fyrir pitsur, brauð, pasta, kökur og fleira, en mest selda hveitið er Classica 00, sem hentar frábærlega fyrir Napolitana pitsur.“



ESPRESSO IN ITALY

#### Esse Caffè

„Árið 1979 stofnaði Segafredo yngri Esse Caffè í Bologna, en faðir hans, Segafredo eldri, stofnaði eina þekktustu kaffibrennslu Ítalíu,“ segir Hjálmar. „Segafredo yngri var aðeins 17 ára þegar Segafredo eldri lést í bílslysi, svo Segafredo yngri var ekki tilbúinn að taka við fyrirtæki föður síns og því var það selt. En árið 1979

ákvað Segafredo svo að stofna sitt eigið kaffibrennslufyrirtæki, Esse Caffè, sem er í dag komið á topp tíu yfir sölu á kaffibaunum á Ítalíu.“



#### Molini Spigadoro

„Þetta er nýjasti birgirnir sem við erum með frá Ítalíu,“ segir Hjálmar. „Molini Spigadoro eru með náttúrulega líti án allra E-efna. Þessir litir eru gerðir úr þurrkuðu grænmeti og ávöxtum og eru því tilvaldir til litunar á brauði, pasta, kökum, kremi, drykkjum eða hvers kyns matvælum.“

Allar nánari upplýsingar má fá í síma 522-2728 eða á [pantanir@isam.is](mailto:pantanir@isam.is). Finndu okkur á Facebook undir „Ísam Stórelldhús / Horeca“, og skoðuðu vöruúrval á <http://www.isam.is/storeldhus/>.



Afgreiðslu- & kökukælar



Vínkælar



Vitamix blandarar



Hillur í kæli- & frystiklefa



Hraðkælar & frystar



Klakavélar



Kæli- & frystiborð



Stálborð, vaskar, hillur og skápar



Plasttrimlar í kæli- & frystiklefa



Hillukælar



Loftkæling



Kæli- & frystiklefar og allt tilheyrandi



Gufuofnar og öll eldunartæki



Bar skápar



Barir



Minibarskápar

Allt fyrir Hótel & veitingahús í kælingu, frystingu og matreiðslu.

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · [www.kaelitaekni.is](http://www.kaelitaekni.is)



**Kælitækni**



# Eldhúsið er hjarta heimilisins

Guðrún J. Halldórsdóttir er innanhússhönnuður auk þess að vera keramikar og stunda masters-nám í listkennslu um þessar mundir. Guðrún hefur hannað eldhús fyrir veitingahús og hótél.

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Guðrún J. Halldórsdóttir bjó í nokkur ár í Flórens á Ítalíu þar sem hún stundaði nám í innanhússhönnun. Hún segir að menningin þar hafi haft mikil áhrif á sig sem síðar leiddi hana í Listaháskólann. Áður en til þess kom starfaði hún um nokkurra ára skeið hjá A. Karlssyni sem hönnuður en fyrirtækið seldi á sínum tíma vörur fyrir stórelldhús.

Guðrún segist hafa starfað við innanhússhönnun í tólf ár en ákvað þá að drifa sig aftur í skóla. „Mér finnst alveg stórkostlegt að starfa við keramik, hanna leirsmíður og þess háttar. Síðustu árin hef ég að mestu helgað mig keramikinu en tek þó alltaf eitt og eitt verkefni sem hönnuður. Síðasta verkefnið mitt með eldhús var fyrir rúmu ári. Ég hef hannað nokkur heimili í gegnum tíðina og hef gaman af því. Annars finnst mér skemmtilegast að hanna fyrir sjálfa mig með keramikinu þessa stundina,“ segir hún.

## Margt að breytast

„Eldhús á heimilum hafa verið að breytast. Ungar konur vilja síður



Guðrún J. Halldórsdóttir hefur hannað mörg atvinnueldhús ásamt eldhúsum á heimilum landsmanna. MYND/SIGTRYGGUR ARI

efri skápa, flæðið á að vera opið en samt með smá kryddi eins og marmara á borði og fyrir ofan neðri skápana. Þær vilja gjarnan léttar hillur í stað skápa þar sem þær setja áhugaverða fylgihluti eins og pottablóm og listmuni. Oft eru þær með glæsilega hannaða barstóla

eða bara fallega, gamla hrærivél frá ömmu. Þetta kemur vel út og er persónulegt en að vísu þarf að hanna eldhúsið með tilliti til þess að þar sé nægt skápláss. Eldhúsið getur verið virkilega heimilislegt með þessu móti. Áður fyrr voru eldhúsin kassalöguð og skápar út um allt.

„Eldhúsin hjá Ítölum eru stór enda eru þau hjarta heimilisins þar sem allir hittast. Þau eru afar persónuleg.“

Núna er farið að brjóta þetta form upp, þannig að það kemur einn veggur með skápum en síðan rými fyrir léttar hillur. Það er gaman að sjá hvað inniplöntur eru orðnar vinsælar aftur, þær gera heimikið fyrir umhverfið,“ segir Guðrún.

## Flott atvinnutæki

Hún segist hafa hannað heilmörg atvinnueldhús en þá sé það oftast gert með matreiðslumönnum. „Það er allt öðruvísi hönnun því huga þarf að stærð veitingahússins og vinnuflæði í eldhúsinu. Allt snýst um þarfir og starfsemina. Nú fást mjög flott og tæknileg eldhústæki fyrir matreiðslumenn sem einfalda matargerðina. Þegar maður hannar atvinnueldhús þarf einnig að huga að flæðinu í kringum uppþvottavélina og að uppvaskið geti gengið snurðulaust fyrir sig. Eldhúsið verður svolítið eins og mini-verksmiðja. Ég hefði mjög gaman af því að hanna eldhús fyrir veitingastaði. Það var fjölbreytt vinna með marg-

vislegum áherslum. Á heimilum eru þarfirnar hins vegar svipaðar hjá fólki. Þegar hannað er atvinnueldhús heldur hönnunin oft áfram inn í veislusalinn sem er mjög skemmtilegt að þróa,“ segir Guðrún.

## Persónuleg nánd

Guðrún segist minnst námsáranna í Flórens með mikilli hlýju enda sé borgin hlaðin listrænu konfektu fyrir augun. „Það er ekki hægt annað en að smitast af allri þessari paradís, menningunni, listinni, matargerðinni og byggingastilnum. Allt hjálpast að í þessari fallegu borg. Eldhúsin hjá Ítölum eru stór og mikil enda eru þau hjarta heimilisins þar sem allir hittast. Þau eru afar persónuleg og ólík. Ítalir hitta fjölskyldu, vini og nágretta reglulega og mikið er um heimsóknir ólíkt því sem er orðið hér á landi. Þeir hafa risastórt eldhúsborð þar sem allir sitja saman og spjalla. Diskarnir eru ekkert endilega af sömu tegund heldur þurfa þeir bara að vera nægilega margir fyrir alla gestina. Þetta er mjög áhugaverð menning,“ segir Guðrún. „Það er eiginlega synd hversu Íslendingar eru mikið til hættrir að fara í heimsóknir því þær gefa fólki svo mikið,“ segir hún og líklegast taka margir undir þau orð.

**dk iPos snjalltækjalausn**  
Fyrir verslun og þjónustu  
Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri  
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is



# Þola hitann í eldhúsinu

**4.990,-**

SENSUELL skaftpottur  
með loki

**4.990,-**

SENSUELL panna Ø28cm

**7.490,-**

SENSUELL pottur með loki

ORDNING  
sigtí 1.390,-

© Inter IKEA Systems B.V. 2018



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - [IKEA.is](http://IKEA.is)





„Mér finnst gaman að gera eitthvað sem vekur ánægju og gleði annarra. Hvað er skemmtilegra en að búa til góðan mat sem lætur fólki líða vel?“ spyr Böðvar.

# Eldurinn gefur nýjar víddir

Böðvar Lemacks yfirkokkur segir vandaðan og góðan hníf mikilvægasta áhald matreiðslumannsins en handsmíðað kolagrill frá Katalóníu er hins vegar uppáhaldsáhaldið hans við eldamennsku.

**B**öðvar Lemacks hefur lengi haft mikinn áhuga á mat og matargerð og var ungur að árum þegar hann ákvað að leggja matreiðslu fyrir sig. Böðvar lærði fagið á Apótekinu og Argentínu og stýrir nú eldhúsinu hjá KRÖST í Mathöllinni á Hlemmi.

*Hvert er uppáhaldsáhaldið þitt í eldhúsinu og hvers vegna?* „Það er Josper kolagrillið sem við erum með á KRÖST. Það er handsmíðað í Katalóníu á Spáni og er alveg ótrúlegt tæki. Ég held mikið upp á þetta grill því það er einfaldlega þannig að engin matreiðsluáferð er eins lifandi fyrir mér og grill – lifandi eldur. Eldurinn breytir eiginleikum hráefnisins og kallar fram algerlega nýja vidd. Þessi grill hafa verið í framleiðslu og stöðugri þróun í 45 ár. Við hönnunina er notuð þekking handverksmanna og aldagömul reynsla spænskra matreiðslumanna við að grilla.“

*Hvers vegna valdir þú að gera matreiðslu að ævistarfi?* „Ég hef alltaf haft gaman af því að vinna með höndunum og hef lengi haft gríðarlegan áhuga á mat og matargerð. Þetta áhugamál er ríkt í fjölskyldu móður minnar og þar eru fjölmargir frábærir kokkar, lærdir og sjálflærðir. Það er stundum sagt að í þeirri fjölskyldu sé annar hver kokkur og hinn sé góður söngvari. Ég kann ekki að syngja svo það er bara eðlilegt að ég hafi matreiðslu-



Kóngarækur með vinberjasalsa sem allir geta grillað.

áhugann. En þessi áhugi á mat leiddi mig í að elda fyrir ættingja og vini og síðan inn í veitingageirann. Þegar ég hafði unnið í nokkur ár við að elda, ákvað ég að fara í nám í þessu frábæra fagi. Ég

sé svo sannarlega ekki eftir því.“  
*Hvað er skemmtilegt við starfið?* „Mér finnst gaman að gera eitthvað sem vekur ánægju og gleði annarra. Hvað er skemmtilegra en að búa til góðan mat sem lætur fólki líða vel?“

*Hvað þurfa allir kokkar að eiga og hvers vegna?* „Það er einfalt. Góður og vandaður hnifur. Það er mikilvægasta áhald matreiðslumannsins og hann gerir ekki mikið án hnífs.“

## Grillaðar kóngarækur með vinberjasalsa

Fyrir 2

**500 g kóngarækur**

Marinerið rækjurnar í 10 mínútur eða svo. Grillið í tvær mínútur á hvorri hlið.

## Marinering

**Hvitlaukur, skorinn í litla bita**

**2 msk. eplaedik**

**2 stk. chili**

## Sósa

**4 msk. grísk jógúrt**

**1 msk. chili samba**

**Safi úr einni sitrónu**

**Öllu blandað vel saman.**

## Vinberjasalsa

**200 g vinber**

**50 g dill**

**50 g kóriander**

**1 paprika**

**Sitrónusafi**

**1 stk. chili**

Skerið vinberin í bita, saxið dill og kóriander og blandið vel saman. Skerið paprikuna í bita og blandið saman við. Setjið chili saman við og bragðbætið með sitrónusafa. Berið fram með rækjunum.



GS IMPORT

Allur borðbúnaður fyrir  
veitingastaði og hótél

Sýningarsalur Ármúla 11  
panta þarf tíma í síma 892-6975

📞 892 6975

| [gs@gsimport.is](mailto:gs@gsimport.is)

| [gsimport.is](http://gsimport.is)



### Þegar eldað er fyrir fjölda manns

**Úthvildur gestgjafi**  
Matseldin þarf ekki að fara fram sama dag og veislan. Veldu rétti sem auðvelt er að búa til með fyrirvara og frysta, til dæmis lasanja eða súpu. Réttina má svo hita upp áður en gestirnir koma og þá er gestgjafinn ekki dauðuppgjafinn né bundinn við að skera niður, hræra eða þeyta þegar veislan hefst.

**Engar tilraunir**  
Ef von er á fjölda manns er hygglegra að geyma spennandi tilraunir með jadareldamennsku og veðja á eitthvað klassískt.

» **Martröð hvers gestgjafa er að gestirnir fái í magann. Passið því vel upp á hreinlæti og varist krossmengun**

**Ekki verða uppiskroppa**  
Skynsamlegt er að reikna út hversu mikið þarf af hverju svo enginn fari svangur heim en líka til þess að sitja ekki uppi með yfirdrifid af afgangnum. Á vefsíðu Leiðbeiningastöðvar heimilanna má meðal annars nálgast slíkar upplýsingar.

**Svindlaðu smá**  
Til þess að spara ofnpláss og tíma er sniðugt að kaupa nokkra rétti tilbúna úr búð.

**Hlaðborðsstemming**  
Auðvitað er sparilegt og flott að bera fram matinn á diskum en því fylgir vinna og minni tími gefst til að blanda geði við gestina. Hlaðborð eru þægileg, bæði fyrir gestgjafann og gestina.

**Gott skipulag**  
Grundvallaratriði góðrar veislu er skipulag. Búið til lista yfir allt sem þarf, bæði í matseldina en líka hversu marga bolla, diska, skálar, fót, hnífapör og fleira þarf. Raðið skipulega í ísskápinn. Ákveðið hvar hver réttur á að fara á borðið og notið post-it miða til að merkja. Gott er að drykkir séu hafðir á öðru borði til hlíðar svo ekki myndist biðraðir. Einnig þarf að ákveða hvar gestir losa sig við óhreint leirtau.

**Hreinlæti**  
Martröð hvers gestgjafa er að gestirnir fái í magann. Passið því vel upp á hreinlæti og varist krossmengun þegar unnið er með hrátt kjöt, grænmeti eða sjávarfang.

## Á ekki heima í ísskápnum

**M**atvæli er oftast best að geyma í kæli við 1-3°C til að halda þeim ferskum sem lengst og koma í veg fyrir að örverur nái að fjölga sér. Þó eru ýmsar matvörur sem geymast betur við stofuhita en í ísskáp. Það á t.d. við um tómata. Þeir missa bragð ef þeir eru geymdir í ísskáp. Gott er að setja þá út í glugga til að þeir þroskist vel og nái falllegum, rauðum lit. Kaffibaunir eiga heldur ekki að vera í kæli. Þær eiga að vera í þurrri, dimmu umhverfi til að halda ferskleika sem lengst. Þá eiga

laukur og hvítlaukur alls ekki heima í ísskápnum því þeir verða gúmmikendir og byrja fyrr að spíra. Lauk er gott að geyma í bastkórflu þar sem loftar vel um hann og sama má segja um hvítlauk. Þá er alveg bannað að geyma hunang í kæli því það kristallast, verður þykkt og þá er erfitt að ná því úr krukunni. Best er að geyma það við stofuhita og sömuleiðis hnetusmjör. Það verður þurr og hart ef það er geymt í kulda. Hnetusmjör verður hins vegar mjúkt og gott ef það er geymt inni í skáp við stofuhita.



Ekki á að geyma kaffibaunir í kæli.

# GLAMOUR

BRÚDKAUPSBLAÐ GLAMOUR  
Allt sem þú þarft að vita um brúðkaup!

**Hefðirnar**  
afhverju erum við með brúðarvönd og hver er tilgangurinn með slörinu?

**100**  
BLADSÍÐUR  
um stóra daginn,  
*veisluna, fötin, förðunina,  
hárið, skipulagið, skreytingar  
og brúðkaupsferðina.*

**Topp 5**  
VÖRUR  
fyrir  
brúðkaupið  
*Augun, húðin,  
hárið, varirnar,  
líkaminn*

Veislan - fötin - förðunin  
ferðalagið - hefðirnar

**Þegar eldað er fyrir fjölda manns**

**Ekki verða uppiskroppa**

**Svindlaðu smá**

**Hlaðborðsstemming**

**Gott skipulag**

**Hreinlæti**

**Hildur Erla Gísladóttir**  
ljósmyndari  
hefur myndað ófá brúðkaup og er góð í að fanga réttu augnablikin. Hún lumar á góðum ráðum fyrir brúðar-myndatökuna.

**Lestu blaðið FRÍTT á GLAMOUR.IS**

Nefnblað





# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

Með öllum keyptum steinum í Apríl fylgja 2 hvítir spörfuglar að verðmæti 18.800,-kr eða 1 hvít dúfa að verðmæti 12.900,-kr

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



\*Fri uppsætning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppselðar vörur.

MÖRKIN 4  
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin  
Legsteinar

SÍMI 555 3888  
GRANITHOLLIN.IS

## Bílar & Farartæki

### STÓRA BÍLASALAN



SUZUKI Vitara GLX Diesel Sjálfskiptir. Árgerðir 2017, eknir ca. 27-30 Þ.KM, Verð 3.590.000. Rnr.150059.



TOYOTA Land Cruiser 150 Series. Árgerðir 2017, eknir 25-30 Þ.KM, Diesel, Sjálfsk. Verð frá 6.890.000kr.

Stóra bílasalan  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
<http://www.stora.is>



SUZUMAR gúmmibátar. Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.


SUZUKI  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is



#### ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)



## Hópfæðabílar



RÚTUR TIL SÖLU  
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Bátar



Til sölu er Brímill EA-99. Góður bátur með frábæra sjóhæfni. Fjórar DNG 6000 og vagn fylgja. Ásett verð 5.500.000- Skipti gætu komið til greina. Fyrirspurnir í gamli@simnet.is



## NÝTT - NÝTT - NÝTT HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12

Góð reynsla - meiri affli Heimavík ehf Heimavík.is sími 892-8655

## Þjónusta

### Hreingerningar

#### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025  
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasimar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Húsviðhald



### ÞAKMÁLUN ÞAKMÁLUN

Er ekki kominn tími að mála þakið. Við hjá pak.is gerum tilboð í ykkar þak að kostnaðarlausu uppl.6996980

### Nudd

#### NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar



Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan  
VISA 562 8211 EURO



## Önnur þjónusta



Parketslípun og Málun [www.parketogmalun.is](http://www.parketogmalun.is) 25 ára reynsla. Parket og málameistari að störfum. Apríltíloð 2900 kr Fm. 7728100

## Keypt & Selt

### Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

EINN VINSÆLASTI LÚXÚSJEPPI LANDSINS Á FRÁBÆRU VERÐI

# RANGE ROVER EVOQUE SE<sup>+</sup>

Árgerð 2017 - Stærri vélin 180 hestöfl - 4x4- Sjálfskiptir - Diesel\*



### Hlaðnir þægindum

### Komið og reynsluakið

- ✓ 19" álfelgur
- ✓ Íslenskt leiðsögukerfi
- ✓ Vetrarpakki
- ✓ Leiðursæti með rafmagni
- ✓ Panorama þak
- ✓ Stærri vélin 180 hestöfl
- ✓ Til í mörgum litum

VERÐ FRÁ KR.

**5.990**  
ÞÚSUND

Allir bílar í ábyrgð og nýkomnir úr þjónustueftirliti - Allt að 90% fjármögnun - Til í ýmsum litum - Skoðum með uppistöku á öllum gerðum bifreiða

\* Eknir á bílinu 8 - 29 þúsund

586 1414

[stora@stora.is](mailto:stora@stora.is) · [stora.is](http://stora.is)  
[facebook.com/storabilasalan](https://facebook.com/storabilasalan)  
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



kaffi á könnunni  
opið mán-fös 10-18  
lau 12-15



**STÓRA BÍLASALAN**  
...á verði fyrir þig!

## Óskast keypt

KAUPUM GULL -  
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar  
jonogoskar.is s.552-4910

Skólar &  
Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við  
endurtökupróf og akstursmat.  
S. 893 1560 og 587 0102, Páll  
Andrússon.

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

## ATVINNUHÚSNÆÐI

TIL LEIGU 50 m<sup>2</sup> Lofthæð 4 m. Hurð  
3,7 m Lager eða geymsla. Leiga:  
99 þús Facebook: steinhella 14. S:  
661-6800

## Geymsluhúsnæði

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

## FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m<sup>2</sup>. Ódyrt eftir það. S:  
564-6500

## GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.  
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að  
20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

Gistiheimili í Reykjavík óskar  
eftir starfskrafti yfir 40 ára í  
þrif. Umsóknir sendist smaar@  
frettabladid.is merkt: Gistiheimili

Heildsala í Reykjavík óskar eftir  
skólafólki í sumarvinnu. Umsóknir  
sendist smaar@frettabladid.is  
merkt: Heildsala

Vélstjóri óskast á Prist BA 36, 750  
kw Pristur er á Sæbjúgnaveiðum.  
Uppl. í síma 8410863 Jón

## Atvinna óskast

SMIDIR - VERKAMENN  
- MÚRARAR -  
LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði, verkamenn,  
múrara, pípara og  
lagerstarfsmenn sem eru klárir í  
mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s.  
780 1444

VANTAR ÞIG SMÍÐI,  
MÚRARAR, MÁLARA EÐA  
AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta  
hafið störf með skömmum  
fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta  
- proventus.is Sími 551-5000  
Netfang proventus@proventus.is

## Tilkynningar

## SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns í Hafnarfirði, Einhella 4

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 20.03.2018 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Einhelli 4 og að málsmeðferð verði í samræmi við l. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns í Hafnarfirði.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst stækkun og breytt lega byggingarreits lóðarinnar að Einhelli 4.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðrhellu 2, frá 25.04. til 06.06.2018. Einnig er hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is).

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 06.06.2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.

HAFNARFJARÐARBÆR  
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR  
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER  
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00  
ALLA VIRKA DAGA

585 5500  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



Við gætum verið  
með næsta starfsmann  
mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa  
yfir víðtækri þekkingu  
á atvinnulífnum  
og veita trausta og  
persónulega ráðgjöf.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

# Loftræsting fyrir eldri hús

Endurnýtir varma - gefur ferskt loft

- Auðveldari uppsetning
- Varmaendurvinnsla
- Engar lagnir
- Alltaf ferskt loft
- Óþarfi að opna glugga
- Minna ryk
- Jafnara rakastig
- Sjálfvirkt

Heilbriggt loft  
heilbrigðar byggingar

**viftur.is**  
-andaðu léttar

**ishúsið**  
S:566 6000 • [ishusid@ishusid.is](mailto:ishusid@ishusid.is) • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Dalabyggð



Strandabyggð

## Auglýsing um samþykkt Svæðisskipulags Dala, Reykhóla og Stranda 2018-2030

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar samþykkti þann 26. mars 2018 tillögu að svæðisskipulagi sveitarfélaganna ásamt umhverfisskýrslu, sbr. 25. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða. Í svæðisskipulagstíllögunni er sett fram sameiginleg framtíðarsýn sveitarfélaganna á þróun landbúnaðar, sjávarnýtja og ferðaþjónustu í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð. Greind eru tækifæri sem búa í auðlindum og sérkennum svæðisins og á grunni þess sett fram stefna í atvinnumálum, samfélagsmálum og umhverfismálum og síðan skipulagsstefna sem styður við hana.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar frá 26. janúar til 12. mars 2018. Þrjár athugasemdir bárust og voru gerðar minniháttar lagfæringar á tillögunni vegna þeirra. Nefndin sendi sveitarstjórnunum þremur tillögu sína að svæðisskipulagi þannig breytta, ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Tillagan var samþykkt af sveitarstjórnunum Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar á fundum þeirra í apríl 2018. Nefndin hefur afgreitt svæðisskipulagstillöguna til Skipulagsstofnunar til staðfestingar og svarað athugasemdum sem bárust. Svæðisskipulagið öðlast gildi þegar afgreiðslu Skipulagsstofnunar lýkur og tillagan hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Tillöguna ásamt fundargerð svæðisskipulagsnefndar, þar sem athugasemdir voru afgreiddar, má skoða á vefnum [samtakamatur.is](http://samtakamatur.is).

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar,  
Reykhólahrepps og Strandabyggðar

## SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR - LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði, verkamenn,  
múrara, pípara og lagerstarfsmenn  
sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
Ófærðir tölur eru  
hafa áhrif á börn.

## Til sölu fyrirtæki

- verð aðeins kr. 79 m

Til sölu er lítið fyrirtæki í ferðaþjónustu sem býður einkabílaþjónustu (private tours). Með í kaupum fylgir félagið sjálft (skuldlaust), heimasíða, Fb síða, Instagram síða með 25þ fylgjendur og bifreið.

Áhugasamir sendi fyrirspurn ásamt helstu upplýsingum á netfangið [einkatour@gmail.com](mailto:einkatour@gmail.com)

## Fasteignasali óskast

Fjárfesting Fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema í löggildingu til fasteignasala.

Miklir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á [fjarfesting@fjarfesting.is](mailto:fjarfesting@fjarfesting.is) fyrir 2. maí næstkomandi.



**FJÆRFESTING**  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250 [fjarfesting.is](http://fjarfesting.is)



**HÚNAÞING  
VESTRA**

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026

vegna breyttrar legu á Vatnsnesvegi nr. 711 ásamt nýjum efnistökusvæðum

Sveitarstjórn Húnaþings vestra auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í breyttri veglínu á um 700 m. kafla við bæinn Tjörn á Vatnsnesi, í heildina er vegframkvæmdin um 1,8 km og að hluta til í sama vegstæði. Framkvæmdin felur í sér nýtt brúarstæði yfir Tjarnará, ásamt nýjum efnistökusvæðum.

Breytingartillagan verður til sýnis í Ráðhúsi Húnaþings vestra frá og með þriðjudeginum 24. apríl nk. til þriðjudegins 5. júní 2018 og hjá Skipulagsstofnun, Laugarvegi 166, Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Húnaþings vestra [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is)

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til þriðjudegins 5. júní 2018. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga eða á netfangið [skrifstofa@hunathing.is](mailto:skrifstofa@hunathing.is).

Sveitarstjóri

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT



**EIGNAMIDLUN**

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

60  
ÁRA  
FRAMÚRSKARANDI  
SÍÐAN 1957

GRENSÁSVEGUR 11



SÍMI 588 9090

## NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ HLÍÐARENDA



## Hlíðarendi

### FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK

Arnarhlíð 1 er nýtt 40 íbúða lyftuhús við Hlíðarenda. Húsið er einangrað og klætt að utanverðu með sléttri álklaðningu. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðunum verður skilað fullbúnum fyrir utan megin gólfefni, uppþvottavél og ísskápur fylgja. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Svalir eru á öllum íbúðunum. Einnig er stórt sameiginlegt útisvæði á hverri hæð.

Áætluð afhending í júní 2018

Stærð frá 57 fm – 112 fm.

Verð frá 39,8 millj.

OPÍÐ HÚS  
ÞRIÐJUDAGINN  
24. APRÍL  
KL. 17.00 -18.00

Kjartan Hallgeirsson  
löggiltur fasteignasali  
[kjartan@eignamidlun.is](mailto:kjartan@eignamidlun.is)  
Sími 824 9093



Hilmar Þór Hafsteinsson  
löggiltur fasteignasali  
[hilmar@eignamidlun.is](mailto:hilmar@eignamidlun.is)  
Sími 824 9098



Hreiðar Levy Guðmundsson  
Nemi til löggildingar  
fasteignasala  
[hreidar@eignamidlun.is](mailto:hreidar@eignamidlun.is)  
Sími 661 6021



Daði Hafþórsson  
löggiltur fasteignasali  
[dadi@eignamidlun.is](mailto:dadi@eignamidlun.is)  
Sími 824 9096



# Næstmarkahæst í Meistaradeild

## Rómverjar mæta á Anfield

Norska markadrottningin Ada Hegerberg er sú eina sem hefur skorað meira en Sara Björk Gunnarsdóttir í Meistaradeild Evrópu í vetur. Sara og stóllur í Wolfsburg eru komnar með annan fótinn í úrslitaleikinn.

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir og stóllur hennar í Wolfsburg eru einum leik frá því að komast í úrslit Meistaradeildar Evrópu. Þýsku meistararnir gerðu góða ferð til Lundúna í gær og unnu 1-3 sigur á Chelsea í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildarinnar.

Chelsea komst yfir eftir aðeins þrjár mínútur en Sara jafnaði metin á 18. mínútu. Hún skallaði þá fyrirgjöf Löru Dickenmann í netið. Tveimur mínútum fyrir hálfleik komst Wolfsburg yfir með sjálfsmarki og um miðjan seinni hálfleik skoraði Dickenmann svo þriðja mark þýska liðsins.

### Sex mörk í sjö leikjum

Sara hefur spilað einkar vel með Wolfsburg í Meistaradeildinni í vetur og skorað grímt. Mörkin eru orðin sex í aðeins sjö leikjum.

Ef mörkin úr undankeppninni eru ekki tekin með er Sara næstmarkahæst í Meistaradeildinni á þessu tímabili ásamt samherja sínum hjá Wolfsburg, Pernille Harder. Aðeins Ada Hegerberg hjá Evrópumeisturum Lyon hefur skorað meira, eða 14 mörk. Lyon gerði markalaust jafntefli við Manchester City í fyrri leik liðanna í hinna undanúrslitarímmunni.

Ef mörkin úr undankeppninni eru tekin með í reikninginn er samherji Söru úr íslenska landsliðinu, Katrín Ásbjörnsdóttir, næstmarkahæst í Meistaradeildinni með sjö mörk. Hún skoraði fimm mörk fyrir



Sara Björk fagnar einu af sex mörkum sínum í Meistaradeild Evrópu í vetur en þýska stórveldið er komið með annan fótinn í úrslitin. NORDICPHOTOS/GETTY

» Sara Björk hefur skorað í fimm af sjö leikjum Wolfsburg í Meistaradeild Evrópu á þessu tímabili.

» Wolfsburg hefur þrisvar sinnum komist í úrslit Meistaradeildar Evrópu, síðast fyrir tveimur árum.

Stjörnuna í undankeppninni og tvö í aðalkeppninni. Garðbæingar komust í 16-liða úrslit þar sem þær féllu út fyrir Slavia Prag.

### Markasúpur Wolfsburg

Wolfsburg ruddi Atlético Madrid, Fiorentina og Slavia Prag úr vegi á leið sinni í undanúrslitin. Í þessum leikjum skoruðu þýsku meistararnir hvorki fleiri né færri en 28 mörk.

Wolfsburg vann fyrri leikinn gegn Atlético Madrid í 32-liða úrslitunum 0-3 og þann seinni 12-2 þar sem Sara skoraði eitt mark.

Landsliðsfyrirliðinn skoraði svo tvívegis í 0-4 sigri Wolfsburg á

Fiorentina í fyrri leiknum í 16-liða úrslitum og eitt í 3-3 jafnteflinu í seinni leiknum.

Í 8-liða úrslitunum mætti Wolfsburg Slavia Prag, sem Sandra María Jessen leikur með. Wolfsburg vann fyrri leikinn með fimm mörkum gegn engu og skoraði Sara eitt mark þýska liðsins. Seinni leiknum lyktaði svo með 1-1 jafntefli.

Sara hefur sem áður sagði leikið alla sjö leiki Wolfsburg í Meistaradeildinni og skorað í fimm þeirra.

### Aldrei skorað meira

Þetta er besta tímabil Söru í Meistaradeildinni hvað markaskorun varðar. Hún hafði áður mest skorað fimm mörk á einu tímabili. Það var tímabilið 2011-12 þegar Sara lék með sænska liðinu Rosengård.

Sara hefur alls skorað 17 mörk í Meistaradeildinni með Wolfsburg og Rosengård. Þá gerði hún þrjú mörk í undankeppni Meistaradeildarinnar tímabilið 2010-11 þegar hún lék með Breiðabliki.

Næsta sunnudag fær Wolfsburg Chelsea í heimsókn í seinni leiknum í undanúrslitunum. Þýska liðið er með öll tromp á hendi sér en gestirnir frá Englandi þurfa að vinna þriggja marka sigur til að snúa dæminu sér í vil.

Það er því ansi líklegt að við Íslendingar munum eiga fulltrúa í úrslitaleik Meistaradeildarinnar sem fer fram á heimavelli Dynamo Kiev í Úkraínu fimmtudaginn 24. maí næstkomandi. [ingvithor@frettabladid.is](mailto:ingvithor@frettabladid.is)

**FÓTBOLTI** Liverpool tekur á móti Roma á Anfield í kvöld í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu en seinni leikurinn fer fram í höfuðborg Ítalíu að viku liðinni.

Verður þetta sjötti leikur liðanna í Evrópukeppnum og sá fyrsti síðan 2002 en ítalska félagið hefur aðeins unnið einn leik til þessa. Eftirminni-legur leikur í sögu þessara félaga er þegar Rómverjar tóku á móti Liverpool í úrslitaleik Evrópukeppni meistaraliða árið 1983 en þar hafði Liverpool betur eftir vítaspyrnukeppni.

Mun mikið mæða á varnarlínu Roma við að stöðva Mohamed Salah sem kosinn var leikmaður ársins á Englandi um helgina en þeir ættu að þekkja vel til Egyptans. Lék hann tvö ár í rauðri treyju Roma með góðum árangri áður en Liverpool keypti hann yfir til Englands í sumar.

Salah hefur einfaldlega verið óstöðvandi eftir að hann kom til Englands en hann hefur skorað 41 mark og lagt upp önnur tólf á fyrsta ári sínu í Bitlaborginni.

Lykilatriðið fyrir Rómverja verður að reyna að stöðva leiftur-snögga sókn Liverpool.

Salah, Firmino og Mane hafa skorað 83 mörk á þessu tímabili en Rómverjar ættu að mæta til leiks fullir sjálfstrausts eftir að hafa slegið út Barcelona á dögunum. – kpt



# MÁLÞING UM GRÆNNI BYGGÐ

Fimmtudaginn 26. apríl kl. 13.00-16.30 í Veröld, húsi Vigdísar, Brynjólfsgötu 1

VIÐSNÚNINGURINN Í UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁLUM

HVERNIG EIGUM VIÐ AÐ BYGGJA FYRIR GRÆNNI FRAMTÍÐ?

Á málþingið um grænni byggð koma erlendir og innlendir fagsérfræðingar um grænar lausnir og áherslur í byggingariðnaði og skipulagi.



Mette Qvist, framkvæmdasjóri Green Building Council



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri



Gísli Marteinn Baldursson, borgarfræðingur



Bryndís Skúladóttir, sviðsstjóri framleiðslusviðs SI



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins



Eric Holding, arkitekt og borgarhönnuður



Ólafur H. Wallevik, forstöðumaður Rb. hjá NMI



Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri og verkfræðingur hjá EFLU

Málþing um Grænni byggð/Vistbyggðardagurinn er skipulagður af Vistbyggðarráði í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins, Mannvirkjastofnun og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Skráning á [vbr@vbr.is](mailto:vbr@vbr.is). Verð 6.000 kr. fyrir aðila að Vistbyggðarráði, 9.000 kr. fyrir aðra og 2.000 kr. fyrir háskólanema. Sjá má alla dagskrána á [www.vbr.is](http://www.vbr.is)



# TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamamma, amma og langamma,

## Karitas Óskarsdóttir

garðyrkjubóndi, frá Heiðmörk í Laugarási, síðan búsett á Seljavegi 11, Selfossi,

sem lést laugardaginn 14. apríl verður jarðsungen frá Selfosskirkju fimmtudaginn 26. apríl kl. 14.

### Sævar Magnússon

Ómar Sævarsson Sigurlaug Angantýsdóttir  
Jóna Dís Sævarsdóttir Hörður Gunnarsson  
Tinna, Bára Sif, Anna Karítas, Þór, Jón Auðun, Alexander Auðun, Benedikt Hörður



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Ólafur Ólafsson

Grænumörk 5, Selfossi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans föstudaginn 20. apríl.

Margrét Elisabet Ólafsdóttir Ágúst Þór Árnason  
Laufey Þóra Ólafsdóttir Þórður Pálsson  
Eva Ólafsdóttir  
Kristín Pétursdóttir  
Geir Grétar Pétursson  
Dagný Pétursdóttir Héðinn Sigurjónsson  
Díana Pétursdóttir  
og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

## Ágúst Karel Karlsson

fv. forstjóri og vélstjóri, Bjarmalandi 17, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi 14. apríl í faðmi fjölskyldunnar.

Útför fer fram frá Fossvogskirkju í Fossvogskirkjugarði, fimmtudaginn 26. apríl kl. 13.00. Blóm vinsamlega afþökkuð og þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð líknardeildar LSH í Kópavogi.

Unnur Ágústsdóttir Helgi Þór Ágústsson  
Ármann Eggertsson  
Unnur Karlsdóttir  
Kara Magnúsdóttir  
Ágúst Karel Magnússon  
Tinna Magnúsdóttir  
Arnar Ingi Helgason  
Rakel Helgadóttir

Magnús Arnarsson  
Elsa M. Finnsdóttir

Úlfur Þ. Ragnarsson



Kveðjustundin að lokinni vorsýningu skólans var tregablandin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Dansinn hefur fylgt mér

Guðbjörg Björgvinsdóttir er að kveðja Ballettskólann sinn eftir 35 ár og veit ekki alveg hvernig hún á að verja tímanum. Kannski sest hún niður með bók um miðjan dag.

Vorsýning Ballettskóla Guðbjargar Björgvins var í Borgarleikhúsinu um síðustu helgi. Í huga margra var það tilfinningaþrungin stund þar sem Guðbjörg lét af stjórn við skólann sinn við það tilefni, á 35 ára afmæli hans. Þegar slegið er á þráðinn til hennar daginn eftir má hún varla vera að því að eyða tíma í viðtal enda að undirbúa kveðjutíma fyrir börnin og þeir taka tvo daga. „Þá koma nemendurnir og skoða upptöku af sýningunni. Ég geri það alltaf á vorin að kveðja þá almennilega fyrir sumarið,“ útskýrir hún og bætir svo við. „En viltu taka fram að skólinn er alls ekki að hætta, það er bara ég sem er að stiga til hliðar.“

Guðbjörg segir líf hennar hafa snúist um dansinn en hvaðan kom henni áhuginn upphaflega? „Ég held bara að foreldrum mínum hafi þótt gaman

að setja einkadótturina í ballett. Ég byrjaði þegar ég var sex ára í Ballettskóla Sigríðar Ármann og dansinn hefur fylgt mér síðan.


*Ertu þá ekki rosa liðug?*

„Ég veit það nú ekki,“ svarar hún glaðlega. „Þegar maður er að verða sjötíu og tveggja ára fer maður kannski aðeins að stírná. En ég kenni í skólanum og dansa með börnunum, þá er ég auðvitað alltaf á hreyfingu.“

Í ballettskóla Þjóðleikhússins kveðst Guðbjörg hafa tekið þátt í mörgum danssýningum, barnaleikritum, óperum og leiksýningum. „En ég starfaði aldrei sem dansari, heldur fór strax út í kennslu, hugur minn stóð alltaf til þess. Minn kennsluferill hófst í Listdansskóla Þjóðleikhússins, ég fór síðan eitt ár til Sigríðar Ármann og kenndi svo mörg ár við Dansskóla Eddu Scheving áður en ég stofnaði minn eigin skóla árið 1982.“

Fyrstu árin kveðst hún hafa verið með skólann í kjallara Sundlaugar Sel-tjarnarness en síðar fær hann í sal undir Hagkaupi á Eiðistorgi og aðsóknin hafi alltaf verið næg. „Ég hef aldrei sóst eftir því að vera með sérstaklega stóran skóla, heldur lagt meira upp úr að þekkja öll börnin og hafa aðstæðurnar notalegar.“

Nemendur eru á öllum aldri. „Forskólábörnin byrja þriggja ára og eru til sex ára, svo tekur við framhaldsdeild og þar eru nemendur allt fram yfir tvíttugt. Alltaf eru tvær stórar sýningar á ári, jólasýningar á Eiðistorginu sjálfu og vorsýningarnar í Borgarleikhúsinu.“ En hvað ætlar Guðbjörg að taka sér fyrir hendir nú þegar skólanum sleppir? „O, ég veit ekki. Þetta verður eitthvað einkennilegt til að byrja með. Hugurinn verður tengdur ballettinum eitthvað áfram. En kannski gef ég mér tíma til að setjast niður einhvern tíma og lesa bók um miðjan dag.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Guðmundur Baldvinsson, umsjón útfara

## Útfararþjónusta & lögræðipjónusta



Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)



Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur, faðir okkar og barnsfaðir,

## Davíð Egilsson

lést þann 18. apríl.

Útför fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 26. apríl kl. 15.

### Arna Sigríður Sæmundsdóttir

Ásgerður Egilsdóttir Emil J. Fenger  
Dagbjört Stjarna Davíðsdóttir, Anna Sól Davíðsdóttir,  
Markús Máni Leó Davíðsson  
Rakel G. Magnúsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Dagmar Svala Runólfssdóttir

Krosshömrum 5, Reykjavík,

andaðist mánudaginn 16. apríl sl. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 30. apríl klukkan 13.

### Guðjón Sigurbergsson

Rúnar Ingi Guðjónsson María Guðmundsdóttir  
Ómar Guðjónsson Kelli Arenburg  
og fjölskylda.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og mágkona,

## Guðrún Erla Ingvadóttir

kennari,

sem lést laugardaginn 14. apríl, verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. apríl kl. 13.

### Heiðar Pétur Guðjónsson

Emma Guðrún Heiðarsdóttir Jón Gabriel Lorange  
Sæunn Sif Heiðarsdóttir  
Jónína Ingvadóttir Jóhann Hjartarson



Ástkær faðir okkar og afi,

## Árni Edwins

framkvæmdastjóri,

lést á hjúkunarheimilinu Skógarbæ fimmtudaginn 5. apríl. Hann verður jarðsungen frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 25. apríl klukkan 13.

### Kristmann Árnason

Edwin Árnason  
Árni Geir Árnason  
og barnabörn.

# Stefnir í prestaskort

Ýmislegt hefur breyst í umhverfi og starfi íslenskra presta á þeirri öld sem liðin er frá stofnun Prestafélags Íslands. En fjöldi þeirra í landinu er þó svipaður og árið 1918.

Við erum að halda upp á aldarafmælið með hófsómum hætti,“ segir séra Kristján Björnsson, sóknarprestur í Eyrarbakkaprestakalli og formaður hins hundrað ára Prestafélags Íslands, staddur á málþingi í Bústaðakirkju. Þar er um helmingur stéttarinnar mættur, að hans sögn. Fram undan er aðalfundur félagsins.

Kristján segir margt hafa breyst á síðustu 100 árum, meðal annars á sviði menntunar. Þegar afi minn, séra Sigurður Stefánsson, var að læra guðfræði þá bara lásu menn og fóru svo í próf. Ef menn stóðust þau, þá var þetta komið. Um miðja síðustu öld varð að skilyrði að prestar hefðu háskólapróf í guðfræði en nýir prestar eru meira og minna með masterspróf og doktorspróf.

Viðfangsefnið hafa líka breyst. „Starf presta snýst mikið í dag um sálgæslu og alls konar aðstoð. Slík viðtöl eru hjá mörgum stærsti hluti starfsins. Sérhæfing hefur líka aukist og því er orðin meiri breidd í starfinu.“

Sú breyting sem sjáanlegust er á prestahópnum er sú að konur hafa bæst í hann. „Fyrstu ár félagsins komu bara karlar þar við sögu,“ segir Kristján. „Það er komin nærri hálf öld frá því fyrsta konan vígðist, Auður Eir Vilhjálmsdóttir, og nú eru konur um þriðjungur presta landsins.“

Eitt hefur þó ekki breyst mikið frá því félagið var stofnað en það er fjöldi félagsmanna. „Árið 1918 er talið að hafi verið um 120 prestar þjónandi í landinu en við erum núna í kringum 130. Frá því um 1990 hafa öll embætti verið setin en nú stefnir í prestaskort eftir nokkur ár. Það komast svo margir á eftirlaun á næstu tíu árum og því þarf að verða mikil endurnýjun,“ lýsir Kristján.

gun@frettabladid.is



Séra Kristján segir töluvert mikið vinnuálag á mörgum prestum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Oddgeir Kristjánsson**

lést þann 13. apríl. Útför hans fer fram frá Digraeskirkju miðvikudaginn 25. apríl klukkan 13.

**Ingibjörg Haraldsdóttir**  
**Kristján Oddgeirsson**  
**Hólmur Freyr Oddgeirsson**  
**Heiðar Ingi Oddgeirsson**  
**Bryndís Ósk Oddgeirsdóttir** **Hope Eftayan**  
**og Raket Sif S. Thorarensen**



Ástkær sonur minn, bróðir, mágur og frændi,  
**Haukur Þór Ingason**  
frá Kárhóli,

varð bráðkvaddur á heimili sínu Gaukshólum 2, Reykjavík, mánudaginn 16. apríl. Útförin fer fram að Einarstaðakirkju laugardaginn 28. apríl kl. 14.

**Þorsteinn Ingason**  
**Steingrímur Ingason**  
**Unnsteinn Ingason** **Ingi Tryggvason**  
**Guðný Eygló Gunnarsdóttir**  
**Rósa Ásgeirsdóttir**  
**og bræðrabörn.**



Innilegar þakkar til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,  
**Ingibjargar Sigurðardóttur**  
frá Varmalandi,  
Öldustig 1, Sauðárkróki.

**Ásgrímur Þorsteinsson** **Anne Melén**  
**Ólöf Þorsteinsdóttir** **Ágúst Kvaran**  
**Steinar Mar Ásgrímsson**  
**Þorsteinn Ásgrímsson**



Ástkær sonur okkar, barnabarn, bróðir og frændi,  
**Stefán Jörger Ágústsson**  
verður jarðsunninn frá Viðistaðakirkju fimmtudaginn 26. apríl kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarkort Hugarafls.

**Þorgerður Nielsen** **Ágúst Böðvarsson**  
**Ólafur Werner Nielsen** **Ragnheiður Stefánsdóttir**  
**Ragna Hjördis Ágústsdóttir** **Guðjón Þór Sæmundsson**  
**Ólafur Böðvar Ágústsson** **Ingibjörg Ólafsdóttir**  
**Óskar Logi Ágústsson** **Isabelle Bailey**  
**og systkinabörn.**



Ástkær móðir, amma og tengdamóðir,  
**Ragnheiður Guðmundsdóttir**  
lést að Hrafnistu í Hafnarfirði hinn 18. apríl 2018.

**Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir**  
**Leifur Björn Björnsson**  
**Ragnheiður Harpa Leifsdóttir**  
**Raket Mjöll Leifsdóttir**  
**Víktor Már Leifsson**  
**Íris María Leifsdóttir**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ásnaug Zoëga**  
Sólheimum 23, Reykjavík, sem lést á Landspítalanum 13. apríl sl. verður jarðsunninn frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 27. apríl kl. 15.

**Geir Gunnlaugsson** **Jónína Einarsdóttir**  
**Páll Gunnlaugsson** **Hrafnhildur Óttarsdóttir**  
**Helgi Gunnlaugsson** **Kristín Hildur Ólafsdóttir**  
**Hólmfríður Gunnlaugsdóttir** **Pálmar Hallgrímsson**  
**og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Þorbjörg Eiðsdóttir**  
Árskógum 2,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 1. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Ólafía Magnúsdóttir** **Jóhann Geirharðsson**  
**Eiður Magnússon** **Kristín Ólafsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og frændi,  
**Héðinn Sveinsson**  
sem lést miðvikudaginn 11. apríl hefur verið jarðsettur í kyrrþey að ósk hans látna.

**Fjölskylda, vinir og aðrir aðstandendur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**Halla Jóhannsdóttir**  
lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, 8. apríl sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar látna.

**Anna Karlsdóttir** **Ómar Hannesson**  
**Auður Karlsdóttir** **Sigurður Þór Hafsteinsson**  
**Jóhann Karlsson** **Maria Jose Juan Valero**  
**Hildur, Rúnar og Karl Ómarsbörn**  
**Ólöf Halla og Jóhanna Helga Sigurðardætur,**  
**Carlos og Yasmin Karlsbörn**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Helga Jóhannsdóttir**  
áður til heimilis að Heiðarvegi 4, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, mánudaginn 16. apríl síðastliðinn. Hún verður jarðsunninn frá Selfoskirkju miðvikudaginn 25. apríl kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**  
**Oddný Magnúsdóttir** **Emil Guðjónsson**  
**Jónína Valdimarsdóttir** **Guðmundur Baldursson**  
**Björgvin Þ. Valdimarsson** **Sigríður Magnea Njálisdóttir**  
**Guðrún Valdimarsdóttir** **Sigurður Bragason**  
**Magnea Kristín Valdimarsdóttir**  
**Björk Valdimarsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5407.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir og amma,  
**Guðný Linda Óladóttir**  
Eskivöllum 21b,


lést á Landspítalanum á Hringbraut 17. apríl. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 27. apríl klukkan 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Samtök lungnasjúklinga.

**Markús Hallgrímsson**  
**Hallgrímur Markússon**  
**Magnea Sif Markúsdóttir**  
**fjölskylda og barnabörn.**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Norðlæg eða breytileg átt, 5-13 m/s, hvassast V-lands. Skúrir S-til á landinu, en úrkomulítið fyrir norðan. Hiti frá frostmarki í innsvæitum norðaustanlands, upp í 8 stig suðvestan til að deginum.



## Miðvikudagur

<b>Reykjavík</b> 6° ↑ 1	<b>Ísafjörður</b> 0° ↙ 10	<b>Akureyri</b> -1° ↓ 2
<b>Egilsstaðir</b> 0° ↓ 7	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 4° ← 4	<b>Hveravellir</b> 1° ↙ 5

## Fimmtudagur

<b>Reykjavík</b> 4° ↓ 5	<b>Ísafjörður</b> -2° ↙ 5	<b>Akureyri</b> -0° ↙ 5
<b>Egilsstaðir</b> 0° ↘ 6	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 3° ↙ 2	<b>Hveravellir</b> -0° ← 3

## LÉTT

		4			6	9
9		2	6		5	
2		7		9		1
				8		3
	9		7	4		8
	4	3			7	
4		9	5			
	5			8	2	
	2		7			

## MIDLUNGS

1			3	4		2	6	8
				6	9			
	5			1		7		
					4	8	2	
8	1	4				3		
			5		6			
4				7		5	1	
	3							2
6		9						

## PUNG

	6					7		
	5		7		6		8	2
4								
9	7		4				3	
5	4	6					9	
				9		1		
1		4			8			
	3		9					7
8							5	

## Krossgáta

### LÁRÉTT

1. langa
5. samtök
6. íþróttafélag
8. stæða
10. tveir eins
11. rénun
12. rétt
13. stækkuðu
15. frárein
17. andin

### LÓDRÉTT

1. ofnréttur
2. hleypa
3. sigti
4. hlé
7. markvís
9. flossilki
12. listi
14. þakbrún
16. tveir

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. lysta, 5. así, 6. fh, 8. stafl, 10. aa, 11. lát, 12. saet, 13. júku, 15. afrein, 17. sálin. LÓDRÉTT: 1. lesna, 2. ysta, 3. sía, 4. arf, 7. hltinn, 9. flael, 12. skra, 14. úfs, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson (2.398) átti leik gegn Andra Frey Björgvinssyni (1.937) á Íslandsmóti skákkfélaga

**Hvítur á leik**  
**23. Bxe4! Dxe4 24. Bxf6 Rf3+?** (24... Rg6! 25. Bxb2 Dxf4+ og staðan er í jafnvægi.)  
**25. Dxf3! Dxf3 26. Hxg7+ Kf8 27. Hdg1 Dxf2+ 28. H1g2 Dxg2+ 29. Kxg2** og hvítur vann nokkru síðar.



www.skak.is: Erlend ofurmót.

6	2	8	5	7	9	3	4	1
3	1	9	4	2	8	6	7	5
7	4	5	3	6	1	8	9	2
8	6	3	1	9	4	5	2	7
9	5	2	8	3	7	1	6	4
1	7	4	2	5	6	9	8	3
2	8	1	6	4	3	7	5	9
4	9	6	7	1	5	2	3	8
5	3	7	9	8	2	4	1	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

## AÐALFUNDUR 2018

Aðalfundur Félags íslenskra símamanna verður haldinn mánudaginn 30. apríl kl. 18.00 í húsi Rafiðnaðarsambandsins að Stórhöfða 31 (gengið inn Grafarvogsmegin)

### Dagskrá

1. Venjulega aðalfundarstörf  
Skýrsla stjórnar  
Reikningar félagsins  
Umræða um skýrslu stjórnar  
Kosningar
2. Önnur mál

Kveðja, stjórn Félags íslenskra símamanna







Á Þjóðarbókhliðunni eru til sýnis alls kyns pappirar er tengjast verkinu Edda II – Líf guðanna eftir Jón Leifs.

## Hvað? Hvenær? Hvar?

### Þriðjudagur

Hvar@frettabladid.is

24. APRÍL 2018

#### Tónlist

**Hvað?** Teitur Magnússon Band, Mads Mouritz, Kraftgalli, IDK IDA  
**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Húrra, Naustunum Mads Mouritz, Teitur Magnússon, Kraftgalli & IDK IDA ásamt Ingibjörgu Elsu Turchi, Arnlfjóti, Árna Guðjonsson og Hreiðari Má.

**Hvað?** Kvartett Söru Mjallar á Kex  
**Hvenær?** 20.30

**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu Með Söru leika þeir Elvar Bragi Kristjánsson á trompet, Þorgrímur Jónsson á bassa og Óskar Kjartansson á trommur. Efnisskrá tónleikana samanstendur af tónlist eftir Söru ásamt þekktum og minna þekktum djass-standörðum. Sara útskrifaðist úr Tónlistarskóla FÍH fyrir ári og hefur verið virk í djasslífi Reykjavíkur seinustu ár.

**Hvað?** Hádegistónleikar í Hafnarfjarðarkirkju  
**Hvenær?** 12.15

**Hvar?** Hafnarfjarðarkirkja Steingrímur Þórhallsson, organisti Neskkirkju, leikur á bæði orgel kirkjunnar.

#### Viðburðir

**Hvað?** Pubquiz: Studio Ghibli  
**Hvenær?** 21.00

**Hvar?** Bravó, Laugavegi Þöbbkviss um kvikmyndir Studio Ghibli – vinningar í boði og læti.

#### Sýningar

**Hvað?** Sýning á verkum Guðrúnar Gunnarsdóttur  
**Hvenær?** 10.00

**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni Guðrún Gunnarsdóttir hefur verið starfandi myndlistarmaður og hönnuður í yfir 40 ár. Bakgrunnur

hennar er í textíl og hefur hún unnið og dvalið víðsvegar um heim við listskópun.

**Hvað?** Hilmar Hafstein Svavarsson  
**Hvenær?** 11.30

**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg Hilmar hefur tekið þátt í sam-sýningum en þetta er fyrsta einkasýning hans og spannar 60 ára feril myndlistarmanns. Elstu myndina á sýningunni málaði hann 12 ára gamall, önnur var í vinnslu í fimmtíu ár. Hilmar vann við loftskreytastörf og verslunarrekstur um ævina en stundaði alla tíð myndgerð. Hann tók fjöldann allan af námskeiðum í Myndlista- og handiðaskólanum og Myndlistaskóla Kópavogs, auk þess sem hann sótti einkatíma hjá listamönnum á borð við Guðmundu Andrésdóttur, Sigfús Halldórsson, Hring Jóhannesson og Sverri Haraldsson. Grafiklist, skrautritun, myndskreytingar í bækur og tímarit og auglýsingar hafa einnig verið viðfangsefni Hilmars sem og húðflúr (tattoo) sem hann lærði hjá Helga Aðalsteinssyni. Listfengi Hilmars fær einnig að njóta sín í flugu-hnýtingum. Allar myndirnar á sýningunni eru til sölu.

**Hvað?** Tímahjólíð – Kristinn Örn  
**Hvenær?** 10.00

**Hvar?** Galleri Grötta, Seltjarnarnesi Á sýningunni eru m.a. ljósmyndir

sem listamaðurinn tók á miðaldadögum á Gásum við Eyjafjörð. Líf og starf fólks í Gásakaupstað miðalda er endurvakið með listrænu auga listamannsins.

**Hvað?** Sýning um Eddu II – Líf guðanna eftir Jón Leifs  
**Hvenær?** 08.15

**Hvar?** Þjóðarbókhlaðan Á sýningunni eru nótnahandrit að verkinu, textaskissur, bréf og fleira sem tengist verkinu og lífi og starfi Jóns Leifs, en öll handrit, bréf og önnur gögn Jóns eru á handrita-safni Landsbókasafns.

**Hvað?** Heima: Hanna Siv Bjarnardóttir  
**Hvenær?** 10.00

**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur Hanna Siv Bjarnardóttir heimsótti nokkra af eldri íbúum Stokks-eyrar. Í stuttri heimsókn er hægt að komast að ýmsu um manneskjuna sem þar býr en heimilið endurspeglar persónuleika og sögu fólks. Fólk safnar að sér húsgögnum og smáhlutum, sumir hlutir hafa mikið tilfinningalegt gildi á meðan öðrum er hent eftir stutta viðkomu á heimilinu.

**Hvað?** Hjáverkin – atvinnusköpun kvenna í heimahúsum 1900-1970  
**Hvenær?** 13.00

**Hvar?** Árbæjarsafn Ábyrgð kvenna á eigin afkomu



Teitur Magnússon og hljómsveit taka það á sig að lífga upp á þennan þriðjudag.

og afkomu fjölskyldunnar hefur almennt ekki verið mikils metin í samfélagslegri umræðu, bókmenntum og sögubókum. Langt fram eftir 20. öld voru karlar fyrirvinnur en konur voru heima. Sýning Hjáverkin er óður til kvenna. Óður til framtaksemi þeirra, hugmyndaauðgi og sjálfsbjargarviðleitni. Konur hafa ætíð axlað ábyrgð en möguleikar þeirra hafa oft á tíðum verið afar takmarkaðir. Sýningin er ein af 100 viðburðum sem borgin stendur fyrir í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi.

## ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

**696 5600**

rafsol@rafsol.is



Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

TEMPUR-DAGAR

**25%  
AFSLÁTTUR**

KOMDU NÚNA!



VEFVERSLUN  
www.betrabak.is  
OPIN ALLAN SÖLARHRINGINN

AÐ SOFA ER EITT – AÐ HVÍLAST ER ANNÐ

# ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR®

MEÐ 25% AFSLÆTTI Á TEMPUR-DÖGUM Í BETRA BAKI

#### TEMPUR® Hybrid

Hönnuð fyrir sneggra viðbragð



#### TEMPUR® Contour

Hönnuð fyrir meiri stuðning

#### TEMPUR® Cloud

Hönnuð fyrir meiri mýkt



#### MicroTech frá Tempur

Fyrir þá sem kjósa Tempur® á betra verði

Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval  
**TEMPUR**  
heilsukodda



FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

**Betra  
BAK**



## BIO ★ PARADIS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Doktor Praktor & Prumpuduftið	18:00
Adam	18:00
Doktor Praktor & tímabáðkaríð	18:00
A Gentle Creature	20:00, 22:00
Cicha Noc ENG SUB	20:00
Loving Vincent	20:00
Hleyptu sól í hjartad	23:00
Pitbull Ostafni Pies ENG SUB	22:00



## DAGSKRÁ

## Þriðjudagur



## HÖNNUN OG LÍFSSTÍLL MEÐ VÖLU MATT

KL. 20:20

Skemmtilegir og fjölbreyttir þættir þar sem Vala Matt fer í ævintýrlegan leiðangur og heimsækir skapandi, skemmtilega og litríka einstaklinga. Í þáttunum fjallar hún um lífsstíl, hönnun, tisku, förðun, mat og margt fleira.

# Þrælgott Þriðjudagskvöld

## Fáðu þér áskrift á 365.is

### LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER

KL. 19:25

Frábær spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir skemmtilega og meinfyndna kímniágu sína.



### TIMELESS

KL. 20:45

Glæný sería af þessum stórskemmtilegu spennuþáttum um þríeyki sem ferðast aftur í tímann til þess að koma í veg fyrir þekktu glæpi sögunnar.



### UNSOLVED: THE MURDERS OF TUPAC AND THE NOTORIOUS B.I.G.

KL. 21:30

Þættirnir eru byggðir á morðrannsókninni á bandarísku röppurinum Tupac Shakur og Biggie Small sem voru báðir skotnir til bana á tunda áratugnum.



### STRIKE BACK

KL. 22:15

Þættirnir eru framleiddir af HBO og fjalla um liðsmenn bresku leyniþjónustunnar MI6 sem sendir eru til að vinna hættuleg verkefni um víða veröld.



### MANCHESTER BY THE SEA

KL. 22:00

Þegar bróðir Lees Chandler deyr er hann beðinn um að taka að sér eftirlifandi son hans og þá ósk á Lee afar erfitt með að uppfylla.



### 3 THE AMERICANS

KL. 21:15

Skemmtilegir þættir um rússnesku nýsagnarana Phillip og Elizabeth sem sigla undir fölsku flaggi í Bandaríkjunum og njósna fyrir KGB á dögum kalda stríðsins.



Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.

365.is



## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons  
07.20 Strákarnir  
07.45 The Middle  
08.10 Mike & Molly  
08.30 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 The Doctors  
10.15 Jamie's 30 Minute Meals  
10.40 Landnemarnir  
11.15 Mr Selfridge  
12.00 Hið blómlega bú 3  
12.35 Nágrannar  
13.00 The X Factor UK  
14.50 The X Factor UK  
16.10 The Secret Life of a 4 Year Olds  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Ísland í dag  
19.10 Sportpakinn  
19.20 Fréttayfirlit og veður  
19.25 Last Week Tonight with John Oliver Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir sinn hárbetta og beinskeytta hómor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show en þar sló hann í gegn með regluleg innslög sem urðu til þess að hann fékk sinn eigin spjallþátt.  
19.55 The Goldbergs  
20.20 Hönnun og lífsstíll með Völu Matt Nýir og frábærir þættir þar sem Vala Matt fer í ævintýrlegan leiðangur þar sem hún heimsækir skapandi, skemmtilega og litríka einstaklinga. Í þáttunum fjallar hún um lífsstíl, hönnun, tisku, fatahönnun, förðun, mat og margt fleira spennandi hönnuði bæði á vinnustofur og heim, skoðar fatastíl þekktara einstaklinga og skyggist á bak við tjöldin í ljósmyndatökum.  
20.45 Timeless  
21.30 Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.  
22.15 Strike Back  
23.05 Grey's Anatomy  
23.50 Mary Kills People  
01.20 The Girlfriend Experience  
01.50 This Is England '90  
02.45 This Is England '90  
04.00 The Day Hitler Died  
04.50 Quincy Jones: Burning The Light

## STÖÐ 2 SPORT

08.50 Valur - Fram  
10.20 Seinni bylgjan  
10.50 Pepsi deildin 2018 - Upphitun  
12.30 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur  
12.55 Arsenal - West Ham  
14.35 Valur - Fram  
16.05 Seinni bylgjan  
16.35 Pepsi-deildin 2018 - Upphitun  
18.15 Meistaradeildarupphitun  
18.40 Liverpool - Roma  
20.45 Meistaradeildarmörkin  
21.15 Fyrir Ísland  
21.55 Þýsku mörkin  
22.25 Premier League Review  
23.20 ÍBV - Haukar

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.50 Messan  
09.20 Football League Show  
09.50 Everton - Newcastle  
11.30 Messan  
13.00 Dortmund - Leverkusen  
14.40 Millwall - Fullham  
16.20 Ipswich - Aston Villa  
18.20 ÍBV - Haukar  
20.45 Liverpool - Roma  
22.35 Haukar - Valur

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

## STÖÐ 3

19.10 Baby Daddy  
19.35 Anger Management  
20.00 Seinfeld  
20.25 Friends  
20.50 The Last Man on Earth  
21.15 The Americans  
22.00 Supernatural  
22.45 Flash  
23.30 Legends of Tomorrow  
01.00 Big Love  
01.50 Baby Daddy  
02.15 Anger Management  
02.40 Seinfeld  
03.05 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
07.47 Doddi litli og Eyrnastór  
08.00 Áfram Diego, áfram!  
08.24 Svampur Sveinsson  
08.49 Lalli  
08.55 Rasmus Klumpur og félagar  
09.00 Strumpanir  
09.25 Hvellur keppnisbill  
09.37 Ævintýraferðin  
09.49 Gulla og grænjaxlarnir  
10.00 Stóri og Litli  
10.13 Tindur  
10.27 Zigby  
10.38 Mæja býfluga  
10.50 Kormákur  
11.00 Könnuðurinn Dóra  
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
11.47 Doddi litli og Eyrnastór  
12.00 Áfram Diego, áfram!  
12.24 Svampur Sveinsson  
12.49 Lalli  
12.55 Rasmus Klumpur og félagar  
13.00 Strumpanir  
13.25 Hvellur keppnisbill  
13.37 Ævintýraferðin  
13.49 Gulla og grænjaxlarnir  
14.00 Stóri og Litli  
14.13 Tindur  
14.27 Zigby  
14.38 Mæja býfluga  
14.50 Kormákur  
15.00 Könnuðurinn Dóra  
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
15.47 Doddi litli og Eyrnastór  
16.00 Áfram Diego, áfram!  
16.24 Svampur Sveinsson  
16.49 Lalli  
16.55 Rasmus Klumpur og félagar  
17.00 Strumpanir  
17.25 Hvellur keppnisbill  
17.37 Ævintýraferðin  
17.49 Gulla og grænjaxlarnir  
18.00 Stóri og Litli  
18.13 Tindur  
18.27 Zigby  
18.38 Mæja býfluga  
18.50 Kormákur  
19.00 Kubo and the Two Strings

Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

07.00 Valero Texas Open  
10.00 PGA Highlights  
10.55 Golfing World  
11.45 Valero Texas Open  
14.45 Hugel - JTPC LA Open  
17.45 Golfing World  
19.20 Valero Texas Open

## STÖÐ 2 BÍÓ

12.30 Before We Go  
14.05 Grown Ups  
15.50 Dance Again – Jennifer Lopez  
17.15 Before We Go  
18.50 Grown Ups  
20.35 Dance Again – Jennifer Lopez  
22.00 Manchester by the Sea  
Dramatísk mynd frá 2016 með Casey Affleck, Michelle Williams og Lucas Hedges. Þegar bróðir Lees Chandler deyr er hann beðinn um að taka að sér son hans, Patrick. Þá ósk á Lee afar erfitt með að uppfylla. Hann hefur í kjölfar skelfilegs atburðar og persónulegs áfalls nánast dregið sig í hlé frá umheiminum. Þegar hann stendur skyndilega frammi fyrir beiðni um ábyrgð sem hann getur hvorki hafnað né höndlað má segja að hann sé neyddur til að endurmeta allt sitt. Myndin var tilnefnd til fimm Golden Globe-verðlauna (og Casey Affleck hlaut þau fyrir besta leik í aðalhlutverki) og sex Óskarsverðlauna.  
00.15 The 40 Year Old Virgin  
02.10 Tracers  
03.45 Manchester by the Sea

## RÚV

14.50 Saga HM: Ítalía 1990  
16.30 Menningin - samantekt  
16.55 Íslendingar  
17.50 Táknafréttir  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Dýrabörn  
18.50 Krakkafréttir  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
19.50 Menningin  
20.05 Kveikur  
20.45 Timamótauppgötvanir  
21.30 Á meðan við kreistum sítrónuna  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veður  
22.20 Leikurinn  
23.15 Erfingjarnir  
00.15 Kastljós  
00.30 Menningin  
00.35 Dagskrárlök

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens  
08.25 Dr. Phil  
09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
09.45 The Late Late Show with James Corden  
10.25 Síminn + Spotify  
13.10 Dr. Phil  
13.50 The Good Place  
14.15 Jane the Virgin  
15.00 9JKL  
15.25 Survivor  
16.15 Everybody Loves Raymond  
16.40 King of Queens  
17.05 How I Met Your Mother  
17.30 Dr. Phil  
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
19.00 The Late Late Show with James Corden  
19.45 Speechless  
20.10 Will & Grace  
20.30 Strúktúr  
21.00 For the People  
21.50 The Assassination of Gianni Versace  
22.35 Shots Fired  
23.25 The Handmaid's Tale  
00.50 The Late Late Show with James Corden  
01.30 CSI Miami  
02.15 The Disappearance  
03.00 Chicago Med  
03.50 Bull  
04.35 American Crime  
05.25 Síminn + Spotify

# SAMSUNG

# Auðvelt að velja!

## SAMSUNG Ekta UHD 4K

UE43"MU6175.....kr. 99.900,-  
UE49"MU6175.....kr. 119.900,-  
UE55"MU6175.....kr. 129.900,-  
UE65"MU6175.....kr. 229.900,-  
UE75"MU6175.....kr. 379.900,-

Öll þessi tæki hafa: Raunverulega UHD 4K myndvinnslu, þráðlaus samskipti um Bluetooth við Soundbar eða heyrnartól. Speglnun á mynd við önnur snjalltæki. Myndgæði 1300 PQI. Forðumst eftirlíkingar.



## Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

## SAMSUNG QLED TV

Eigum nokkur 7 og 8 línu QLED-tæki á lækkuðu verði

### Q picture

**Litur**  
Sýnir alla líti 100%  
**Contrast**  
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu  
**HDR 1500/2000**  
Sýnir nákvæmlega rétta líti  
**Sjónarhorn**  
Öll sætin eru bestu sætin

### Q style

**Ósýnilegar tengingar**  
Hannaðu umhverfið að vild  
**Engin skil**  
Fellur alveg að veggnum  
**Takmarkalaus 360° hönnun**  
Hvert smáatriði er þaulhugsað

### Q smart

**Ein fjarstýring**  
Afruglari, Netflix og Youtube  
Allt í einni fjarstýringu  
**Smart view**  
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum  
**Smart Content**  
Fjölbreytt úrval efnisveita



Samsung QLED is Quantum dot based TV

Dæmi: 65" QE65Q7C Verð áður 459.000,-  
**Verð nú 359.000,-**

4K ULTRA HD CONNECTED

ULTRA HD PREMIUM

ULTRA HD

VDE

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

# SAMSUNG SETRIÐ

NÚ TIL HÚSA Í  
LÁGMÚLA 8

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUBÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

# Stjórnmalamenn og tónlistarfólk í hart

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir og Emmsjé Gauti lentu í deilum í gær vegna ætlaðrar notkunar Sveinbjargar á nafninu Reykjavík er okkar í framboði sínu. Þau fetuðu þar í fótspor ýmissa frægra kollega sinna.

## Neil Young gegn Donald Trump

Lagið „Rocking in the free world“

Þegar Donald Trump tilkynnti framboð sitt árið 2015 notaði hann lagið Rocking in the free world með Neil Young villt og galið enda er Trump vist mikill aðdáandi kanadíska söngvarans. Nei Young bað hann vinsamlegast að hætta að nota lagið sem og Trump gerði án vandræða enda Neil Young algjört goð í hans huga.

## Eminem gegn Þjóðernisflokki Nýja-Sjálands

Lagið „Lose yourself“

John Key, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands, stóð í kosningabaráttu árið 2014 og lét gera fyrir sig hrikalega töff kosningamyndband þar sem lagið Lose yourself með Eminem spilaði stóra rullu. Lagið fjallar um að nýta tækifærin sín og hefur líklega verið notað mörg hundruð þúsund sinnum í hvetjandi myndböndum. Eminem sagði þó hingað og ekki lengra og krafðist þess að flokkurinn hætti notkun á laginu, sem hann gerði – en Eminem kærði flokkinn samt og stendur enn í málaferlum vegna þessa.

Barack Obama notaði lag Sams Moore í leyfisleysi og þurfti að hætta því. Svo fékk hann Moore til að spila við innsetningarathöfnina og þá var allt greinilega í góðu.



## Sam Moore gegn Barack Obama

Lagið „Hold on, I'm comin“

Í bandarískri pólitík virðast þau lögmál gilda að menn biðji ekki um leyfi fyrir að nota tónlist í pólitískum tilgangi og að það séu pólitíkusar úr Repúblíkanaflokknum sem standi fyrir þessari notkun – því er það áhugavert að söngvarinn Sam Moore bað Obama að hætta að nota lagið sitt á samkundum. Þar var lagið ídulega spilað og áhorfendur sungu „Hold on, Obama's comin“. Obama hætti snarlega að nota lagið – en þegar hann svo var kosinn forseti mætti Sam Moore og tók lagið við innsetningarathöfnina auk þess sem hann spilaði í Hvíta húsinu síðar meir.

## Joe Walsh gegn Joe Walsh

Lagið „Walk away“

Joe Walsh er fyrrverandi þingmaður fyrir Illinois-fylki. Hann notaði lagið Walk away með alnafna sínum úr sveitinni The



Trump er mikill aðdáandi Neils Young og steinhætti að nota lagið hans þegar rokkarinn bað hann um það.

Eagles þar sem hann fékk enn annan Joe, Joe Cantafio, til að syngja lagið í breyttri útgáfu („Lead away“). Lögfræðingur Joe Walsh úr Eagles sendi bréf þar sem hann hraunaði yfir þingmanninn sem þingmaðurinn svo svaraði, sagði að sín útgáfa væri skopstæling og sakaði nafna sinn um að ganga erinda Demókrataflokksins.

## MGMT gegn Nicolas Sarkozy

Lagið „Kids“

Fyrrverandi forsetinn franskur notaði þetta ofspilaða lag með MGMT í leyfisleysi í heil tvö myndbönd tengd kosningabaráttu. Sveitin var ekki sátt og hótaði að kæra þannig að forsetinn fyrrverandi bauð þeim eina evru í skaðabætur. Það varð nú ekki til að róa indírokkarana sem fóru beint í mál og enduðu með tæpar 39 þúsund evrur ofan á þessa einu sem þeir fengu fyrst. Sarkozy var

einmitt á þessum tíma að reyna að koma lögum um bann við ólöglegu niðurhali í gegn um Frakklandsþing, lögum sem hann virtist ekkert bera rosalega mikla virðingu fyrir.

## Bruce Springsteen gegn Ronald Reagan og fleirum

Lagið „Born in the USA“

Líklega er frægasta dæmið um baráttu stjórnmalamanna við tónlistarmenn allir íhaldssömu karlarnir sem hafa notað lag Springsteens í baráttu sinni án þess að skilja að um er að ræða gagnrýni á akkúrat þá sjálfa. Reagan var fyrstur í röðinni – hann bað um að fá að nota lagið nánast sama dag og það kom út og Springsteen harðneitaði að leyfa honum það. Reagan vitnaði þá bara í lagið í ræðu. Síðan þá hefur Springsteen reglulega staðið í deilum vegna lagsins og misnotkunar íhaldssamra stjórnmalamanna á því. stefanthor@frettabladid.is



EIGUM NOKKRA  
4x4  
TIL AFHENDINGAR  
**STRAX**

## Volkswagen Caddy

# GÓÐUR VINNUFÉLAGI

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi er Volkswagen Caddy. Hann er áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum – hefðbundinni lengd og lengri gerð (Maxi).

Caddy má fá með fjórhjóladrifi sem eykur enn við öryggi og aksturseiginleika bílsins. Fjórhjóladrifinn Caddy hentar einstaklega vel við íslenskar aðstæður og eykur til muna notkunarmöguleika Caddy, hvort heldur er í snjó, hálfu eða erfiðu færi.

Volkswagen Caddy kostar frá  
**2.590.000 kr.**  
(2.072.000 kr. án vsk)

FÆST FJÓRHJÓLADRIFINN



**Atvinnubílar**

Við látum framtíðina rætast.


www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Gæði og glæsileiki

endalaust úrval af hágæða flísum



Finndu okkur  
á facebook

**Flísabúðin**

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

# Guns N' Roses

## koma með mikilli viðhöfn

Bandaríska rokkhljómssveitin Guns N' Roses er væntanleg hingað til lands í sumar og kemur fram á tónleikum á Laugardalsvelli þann 24. júlí. Um verður að ræða síðustu tónleikana í hljómleikaferð rokkbandsins og stærstu tónleika sem haldnir hafa verið á Íslandi, fullyrðir Friðrik Ólafsson tónleikahaldari.

**B**andaríska rokkhljómssveitin Guns N' Roses er væntanleg hingað til lands í sumar og kemur fram á tónleikum á Laugardalsvelli þann 24. júlí. Friðrik Ólafsson tónleikahaldari segir að sviðið, ljósín og hljómkerfið verði flutt inn að utan, og að sviðið sjálft sé 65 metrar á breidd með risaskjáum á hliðunum. Hann nefnir til samanburðar að aðalsviðið á Secret Solstice í fyrra

hafi verið 24 metrar á breidd, og stærsta svið sem sett hefur verið upp hérlandis.

Fimmtán gámar verða fluttir til landsins og 150 manna teymi ferðast með hljómssveitinni, en það mun sjá um uppsetningu í samvinnu við íslenskt framleiðsluteymi. Þá verður sett sérstakt gólf á grasið sem verndar völlinn fyrir álagi. Gert er ráð fyrir að undirbúningsvinna muni taka eina viku.

[benediktboas@365.is](mailto:benediktboas@365.is)



## Slógu strax í gegn – Saga Guns N' Roses

Izzy Stradlin, sem þá var meðlimur í hljómssveitinni LA Guns, sá hljómssveitina Hollywood Rose spila þar sem Axl Rose var að syngja. Úr varð að þeir félagar hittust og stofnuðu Guns N' Roses í mars 1985. Fyrst átti hljómssveitin að heita Heads of Amazon eða AIDS en ákveðið var að sameina nöfn gömlu hljómssveitanna. Skömmu eftir stofnun gekk Duff McKagan til liðs við bandið. Síðar kom gamli Hollywood Rose gítarleikarinn Slash í bandið og fyrsta giggið var spilað í júní 1985. Þeir voru fljótir að fanga athygli stóru útgáfufyrirtækjanna og sömdu við Geffen Records í mars 1986.

Platan Appetite for Destruction kom út 1987 og sló strax í gegn. Hún er enn söluhæsta fyrsta plata listamanns í Bandaríkjunum. Þar var hið ódauðlega merki hljómssveitarinnar kynnt, kross með hauskúpum hvers og eins hljómssveitarmeðlims. Welcome to the Jungle var fyrsta smáskífan. Svo kom stórsællurinn Sweet Child o' Mine sem rann ljúflega niður í hlustendur og rauk á toppinn á Billboard-listanum. Þetta er eina lagið sem hljómssveitin hefur komið á toppinn á þeim merka lista.

Síðan tók við nánast samfelld sigurganga, tónlistarlega séð, þó vandræðin hafi elt nokkra hljómssveitarmenn. Fikniefni og líkamsárásir urðu vikulegt fréttæfni og hljómssveitin leystist upp um tíma. En þeir eru komnir aftur, ferskir og flottir þótt aldurinn sé farinn að færast yfir. Tónleikar þeirra eru sagðir stórkostlegir en Evróputúrinn þeirra byrjar þriðja júní.



## Guns N' Roses

**1985** var hljómssveitin stofnuð

**6** plötur hefur hún gefið út

**14** milljónir dollara kostaði Chinese

Democracy, dýrasta rokkplata sem framleidd hefur verið

**100** milljónir platna hafa selst, þar af um 45 milljónir í Bandaríkjunum

## Plötur

**1987** Appetite for Destruction

**1988** G N' R Lies

**1991** Use Your Illusion I

**1991** Use Your Illusion II

**1993** „The Spaghetti Incident?“

**2008** Chinese Democracy


## Ársfundur EFÍA 2018

Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn miðvikudaginn 9. maí kl. 20 í Hlíðarsmára 8, Kópavogi.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Hægt er að nálgast ársfundargögn á heimasíðu sjóðsins, [www.efia.is](http://www.efia.is).

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Skipun stjórnar og laun stjórnarmanna
6. Val endurskoðanda
7. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins
8. Önnur mál



# SUMARTILBOÐ

# BÍLALANDS



Bíland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!

**Lykill**  
fjármögnun

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykll.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykll.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykll.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

**ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS**



RENAULT Clio Sport Tourer  
Nýskr. 10/14, ekinn 64 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 1.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.290 þús. kr.**



HYUNDAI iX20 Comfort  
Nýskr. 11/14, ekinn 43 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.390 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.790 þús. kr.**



SUBARU Forester Premium  
Nýskr. 04/16, ekinn 86 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.990 þús. kr.**



CHEVROLET Cruze LT  
Nýskr. 06/14, ekinn 97 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.390 þús. kr.

TILBOÐ:  
**990 þús. kr.**



FORD Mondeo  
Nýskr. 09/14, ekinn 59 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.490 þús. kr.**



HYUNDAI iX35 Comfort  
Árgerð 2013, ekinn 26 þ.km,  
bensín/metan, sjálfskiptur.  
Verð 2.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.490 þús. kr.**



SKODA Octavia Ambition 4x4  
Nýskr. 04/16, ekinn 78 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.090 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.590 þús. kr.**



FORD Fiesta  
Nýskr. 05/16, ekinn 41 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.980 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.590 þús. kr.**



HYUNDAI i30 Comfort  
Nýskr. 12/15, ekinn 22 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.190 þús. kr.**



SUBARU Forester Premium  
Nýskr. 02/17, ekinn 43 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.990 þús. kr.**



NISSAN Qashqai Acenta 4wd  
Nýskr. 03/16, ekinn 89 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.090 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.690 þús. kr.**



TOYOTA Land Cruiser 150 GX  
Nýskr. 12/15, ekinn 96 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 6.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**5.790 þús. kr.**



NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd  
Nýskr. 05/17, ekinn 30 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**4.590 þús. kr.**



RENAULT Kadjar Zen 4wd  
Nýskr. 07/16, ekinn 70 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.290 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.690 þús. kr.**



BMW X1 Xdrive18d  
Nýskr. 05/17, ekinn 28 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**4.590 þús. kr.**



RENAULT Megane Berline Bose  
Nýskr. 07/15, ekinn 42 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.490 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.890 þús. kr.**



NISSAN Note Acenta Trend  
Nýskr. 10/17, ekinn 15 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.590 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.990 þús. kr.**



RENAULT Clio Sport Tourer  
Nýskr. 12/14, ekinn 60 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 1.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.390 þús. kr.**



KIA Picanto LX  
Nýskr. 09/14, ekinn 26 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.290 þús. kr.

TILBOÐ:  
**990 þús. kr.**



NISSAN Juke Acenta + 2wd  
Nýskr. 08/16, ekinn 25 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.390 þús. kr.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

**bilaland**

Opið frá kl. 9-18 og  
á laugardögum frá kl. 12-16.

## BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar  
Eyjólfssonar



## Að keppa í kerlingavisjón

Eftir sjö vikna vætutið hér í spánskum suðursveitum er ég orðinn svo hvektur að ég fæst ekki til að sleppa takinu á regnhlífinni þó ekki sjáist lengur skýhnoðri á himni. Það sem lék mig verst í vætunni var að hér erum við umkringd ölfuökrom og heimssýn íbúanna tekur mið af því. Rétt eins og allt var metið út frá sauðkindinni í Mosfells-sveit í Innansveitarkroniku. Hér er gott veður einungis veður sem hentugt er til ólífurektunar. Þannig að þegar ég ætlaði að leyfa mér að blóta bannsettri rigningunni var ég tekinn á beinið líkt og villutrúarmaður og kaffærður í sannindum um hvað þetta væri gott fyrir akurinn. Meira að segja í bókabúðinni þar sem einungis ein skrifstofublók var að kaupa bréfa-klemmur hlaut ég ámæli.

Það góða við þetta allt saman er þó það að ég fór að skilja hvernig það er að búa í samfélagi sem hefur allt aðra sýn á hlutina en ég. Ég er meira að segja að spá í að temja mér annars konar viðbrögð næst þegar ég heyri einhvern tjá skoðun sem er alveg á skjön við smekk og sýn allra í kringum hann. Prófa jafnvel að sjá hlutina með hans augum.

Það væri jafnvel hægt að keppa í því að tileinka sér sýn þess sem maður síst skilur. Þannig að meðan músikantar tækjust á í Júrövisjón gæti Hannes Hólmsteinn keppt í kratavisjón, Gylfi Ægisson í hommavisjón, Katrín Jakobs í sjallavisjón, reyndar standa þeir leikar yfir einmitt núna. Og svo færi nú vel á því að Óli Þórðar reyndi kapp sitt í kerlingavisjón. Ég er viss um að margir misstu þá óþarfa hugmyndir sem þeir halda dauðahaldi í, rétt eins og ég með regnhlífinna.

## Gerði gæða- og verðsamanburð



# Ný og rúmbetri verslun

Full búð af flottum vörum  
Stærri verslun - Meira úrval



Reverie

Reverie 3E botnar með Deluxe heilsudýnum  
2x90x200 cm -Verð frá kr. 299.900.-

Ný sending frá Vandyck - 20% afsláttur



RÚMFÖT OG LÖK  
mikið úrval



RÚMTEPPI OG PÚÐAR  
Mikið úrval



HANDKLÆÐI  
Margir litir - Mikið úrval



SLOPPAR  
fyrir dömur og herra

vefverslun svefnogheilsa.is

Taktu því rólega og skoðuðu vöruúrvalið okkar á netinu og gerðu hagstæð innkaup



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA  
SOFA Á HEILSUDÝNU FRÁ  
SVEFN &  
HEILSU  
Skv. Gallup

Svefn & heilsa  
★★★★★



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00



Opíð allan  
sólarhringinn  
í öllum verslunum

Iceland

Í dag er  
góður dagur.  
Bræðingur er  
bátur dagsins  
á 649 kr.



SUBWAY